
Fornleifaskráning í Þegjandadal vestanverðum:
Bráðabirgðaskýrsla um skráningu sumarið 2005



Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS316-05121
Reykjavík
2006

Forsíðumyndin er af Bjarkarstöðum (SÞ-250d) á Þegjandadal vestanverðum. Hana tók Árni Einarsson vorið 2006.

© Fornleifastofnun Íslands 2006
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 5

2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF 7

3. FORNLEIFASKRÁ 9

SÞ-250b Skárastaðir 11
SÞ-250c Hólkot 26
SÞ-250d Bjarkarstaðir 35
SÞ-250e Ingiríðarstaðir 43

4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR 57

HEIMILDASKRÁ 60

HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93) 62

Viðauki:

Kort 1: Yfirlitskort
Kort 2: Skárastaðir
Kort 3: Hólkot
Kort 4: Bjarkarstaðir
Kort 5: Ingiríðarstaðir

1. Inngangur

Á allra síðustu árum hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á vegum Fornleifastofnunar Íslands og samstarfsaðila í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar hefur bæði víða verið gengið um byggðir og fornleifar skráðar en einnig farið fram stórir og smáir uppgreftir. Allar þessar rannsóknir hafa varpað töluverðu ljósi á sögu og byggðarþróun svæðisins en jafnfram velt upp mörgum nýjum spurningum.[1]

Rannsóknir á svæðinu hafa eflt áhuga heimamanna á fornleifum og sögu og á haustmánuðum 2004 tóku áhugasamir Þingeyingar sig saman og stofnuðu Hið þingeyska fornleifafélag, áhugamannafélag um fornleifarannsóknir í Þingeyjarsýslum. Meginmarkmið félagsins er að stuðla að fornleifarannsóknum á svæðinu og efla miðlun niðurstaðna úr slíkum rannsóknum til heimamanna og ferðamanna.

Fræðimenn sem og heimamenn í Suður-Þingeyjarsýslu hafa lengi haft augastað á eyðibyggð í Þegjandadal og áhuga á því að rannsaka dalinn og þær minjar sem í honum leynast. Hugmyndir um að leggjast í ítarlega rannsókn á dalnum hafa komið upp áður en fram að þessu hefur lítið orðið úr slíkum rannsóknum. Veturinn 2004-2005 komu fram hugmyndir um að láta loks verða af skrásetningu fornleifa á Þegjandadal og þá um vorið ákvað Aðaldælahreppur að veita lítinn styrk til að koma verkefninu af stað.

Sumarið 2005 hóf Fornleifastofnun Íslands, í samstarfi við Hið þingeyska fornleifafélag, rannsókn á Þegjandadal. Hafist var handa í dalnum vestanverðum og samtals skráður um þriðjungur af landsvæði dalsins, að Einarsstöðum.

Fornleifaskráningin var gerð dagana 14.-29. júlí 2005 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Stefáni Ólafssyni og sá Elín um allan frágang, kortagerð og ritun þessarar samantektar en Sólveig Beck vann að úrvinnslu teikninga.

Áður en vettvangsrannsókn hófst lá fyrir heimildaúttekt (svæðisskráning) fyrir allt svæðið. Hana höfðu þær Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir unnið fyrir hreppinn árið 2000.[2] Sökum þess hversu snemma dalurinn fór í eyði, og hversu lítið hann hefur verið rannsakaður, voru aðeins þekktar heimildir um bæjarstæðin 5-6 á vestanverðum dalnum og 4-6 minjastaðir til viðbótar. Við vettvangsrannsókn bættust, eins og gefur að skilja, margir

[1] sjá t.d. Adolf Friðriksson o.fl. 2005. *Landnám og menningarlandslag: Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2002-2004.*
[2] Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal: Svæðisskráning.*

minjastaðir við. Á svæðinu var gnótt fornleifa og samtals voru skráðar tæplega eitthundrað fornleifar á fjórum jörðum. Flestar minjanna virðast frá þeim tíma er blómleg byggð var á dalnum.

Rætt var við þá sem helst þekkja til á Þegjandadal, bæði Jón Ólafsson bónda á Kraunastöðum og Guðmund Hallgrímsson í Grímshúsum áður en lagt var af stað og fá þeir báðir bestu þakkir fyrir sína liðveislu. Gengið var á alla minjastaði, þeir hnitsettir, teiknaðir upp og ljósmyndaðir. Auk þess voru ritaðar ítarlegar lýsingar á hverjum stað fyrir sig.

Efnisskipan í þessari skýrslu er að hluta frábrugðin dæmigerðum aðalskráningarskýrslum Fornleifastofnunar Íslands. Ástæðan er sú að á komandi sumri (2006) verður farið aftur í Þegjandadal og skráningu á dalnum lokið. Í árslok 2006 er svo stefnt að því að gefa út ítarlega skýrslu um fornleifaskráningu á öllum dalnum. Hér er því aðaláhersla lögð á að birta fornleifaskrána sjálfa og kort sem sýna minjastaði. Frekari úttekt á byggðasögu, á svæðinu sjálfu og möguleikum þess mun birtast í síðari skýrslu um verkið.

Kaflaskipan í þessari skýrslu er sem hér segir: Á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu sem m.a. gefur yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Í kjölfar hans fylgir skrá yfir alla þá fornleifastaði sem kannaðir voru sumarið 2005 (3. kafli). Á eftir skránni er kafli um helstu niðurstöður (4. kafli). Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýna staðsetningu þeirra minjastaða sem í skýrslunni er fjallað um.

2. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt í þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felur í sér öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felur í sér vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Í lok árs 2005 höfðu upplýsingar um 70.500 minjastaði verið færðar inn í Ísleifu, gagnagrunn Fornleifastofnunar Íslands. Þar af höfðu tæplega 20.000 verið skoðaðir á vettvangi.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-250:001). Sökum þess að Þegjandadalur var löngu kominn í eyði þegar Jarðatal Johnsens var tekið saman fengu jarðirnar á dalnum ekki sérstakt númer í skránni. Vegna þessa var öllum



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

jörðum í vestanverðum dalnum gefið undirnúmer undir Múla (SÞ-250) og eru Skárastaðir því númer SÞ-250b, Hólkot SÞ-250c og koll af kolli. Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst vanalega á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhaldi hennar og matsverði, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Sökum þess hversu snemma Þegjandadalur fór í eyði eru takmarkaðar upplýsingar tiltækar um marga þessara þátta. Reynt var þó að tína saman tiltækar upplýsingar um stærð og náttúrufar.

Þar sem jarðaspjaldi sleppir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um. Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d.

tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir þar sem þær eru til en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þegjandadal hefur þegar nokkuð verið raskað við túnrækt. Reyndar er austurhluti dalsins mun verr farinn en það svæði sem fjallað er um hér en engu að síður hafa minjar í utanverðum Þegjandadal vestanverðum verið skemmdar við túnrækt. Hér voru því flestar þær minjar sem eru neðarlega á dalnum nyrst taldar í hættu vegna jarðræktar en þær fornleifar sem voru innarlega á dalnum flestar ekki taldar í neinni hættu.

Í síðustu línu hvers minjaspjalds hér á undan hefur það verið kölluð grein er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

SÞ-250b Skárastaðir

Í máldaga Múlakirkju frá 1318 segir: "Hier fylgia Eynarstader. Jngirijdarstader. skarastader. Biarkarstader. skeydz land. kraumastader. fotaskinn. fiallzland medur aullum valahrijsum." DI II 434-435. Bæirnir eru aftur taldir upp í máldögum kirkjunnar frá 1394 (DI III 576-578), 1429 (DI IV, 375), 1431 (DI IV 468) og áfram allt fram til 1525 (DI IX 327-328). Árið 1553 eru hins vegar býlin ekki talin upp með eigum kirkjunnar.
Skárastaðir eru nyrst í bæjarröð eyðibýla í Þegjandadal vestanverðum, talið frá norðri. Á síðustu öldum hefur þessi bær gengið undir nafninu Skárastaðir (sem kann að hafa verið notað um 250d á fyrri öldum) en samkvæmt upptalningu í máldaga Múla í upphafi 14. aldar mætti ætla að þessi jörð hefði þá heitið Skeiðsland.

SÞ-250b:001 *Skárastaðir* bæjarhóll býli 65°48.329N 17°21.158V
Hér er skráð sú jörð sem nyrst í bæjarröð eyðibýla í Þegjandadal vestanverðum, talið frá norðri. Bæjarústirnar eru um 1,5 km sunnan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum. Á síðustu öldum hefur þessi bær gengið undir nafninu Skárastaðir (sem kann að hafa verið notað um 250d á fyrri öldum) en samkvæmt upptalningu í Máldaga Múla í upphafi 14. aldar mætti ætla að þessi jörð hefði þá heitið Skeiðsland. Samkvæmt þeirri röð sem eyðibýlin á Þegjandadal eru talin upp í Jarðabók Árna og Páls mætti helst giska á að Skárastaðir séu það sem þeir nefna Múlatóftir. Ekkert verður þó um það fullyrt. Þegar Jarðabókin er rituð hafa öll býlin á Þegjandadal verið í eyði um langt skeið og í bókinni segir:"rómast að [allir bæir í Þegjandadal hafi] eyðst í stóru plágunni og aldrei síðan aftur bygst, eru þó sýnileg byggingarmerki á sjerhvörju þeirra, og sýnist líklegt að þetta sjeu þau 5 býli sem Múlakirkju máldagi um getur, þó nöfnin séu umbreytt." Nú ganga þessar tóftir undir nafninu Skárastaðir og verður því fylgt hér. Í örnefnaskrá Múla segir um staðinn:





SÞ-250b:001: Bæjarhóllinn á Skárastöðum

"Eins og mitt á milli Hólkots [250c] og Kraunastaða er Skárastaður." segir í örnefnaskrá Múla. Í Byggðir og bú í Suður-Þingeyjarsýslu segir ennfremur: "Skárastaðir, heitir eyðibýli á Þegjandidal að vestanverðu, sunnar en Skeið [021]. Þar mun síðar hafa verið stekkur frá Múla." Í örnefnalýsingu Þegjandadals segir: "Röska bæjarleið suður frá Kraunastöðum er eyðibýlið Kárastaðir [svo]. Þar eru tóftarbrot á nokkrum stöðum, gamall ræktaður túnblettur og vallargarðsleifar litlar." Landsvæði jarðarinnar er fremur vel afmarkað. Að sunnan nær jörðin að landamerkjagarði milli Skárastaða og Hólkots (sjá 250c:008) og að norðan að landamerkjagarði milli Skárastaða og Kraunastaða (sjá 027). Að ofan (vestan) er heimalandið svo markað af varnargarði 026 sem nær alla leið frá suðurmerkjum og meðfram mest allri landareigninni. Reyndar skal taka frá að þessi varnargarður liggur ekki landamerkja á milli heldur fylgir hann hlíðinni og beygir fyrir Múlaháls og hefur e.t.v. legið á svipuðum slóðum meðfram Múlaheiði að vestan. Landamerkjagarð að norðan er ekki hægt að rekja alla leið upp í varnargarðinn og hefur hann þurft að liggja til SSV ef hann hefur náð alla leið í garðinn. Ekki er alveg ljóst hversu stór landareign Skárastaða hefur verið löng (norður-suður) þar sem það virðist hægt að greina tvöfaldan garð rétt utan við túnin (sjá 017 og 029) og annan garð talsvert norðar sjá 027). Ef gert er ráð fyrir að syðri garðurinn marki landi Skárastaða til norðurs hefur það verið um 730 m á lengd. Ef miðað er við nyrðri garðinn er það um 1,6 km á lengd (norður-suður). Heimaland bæjarins (innan varnargarðs 026 og að Kálfalæk) hefur verið um 900 m á breidd sem er talsvert breiðara en á öðrum jörðum innar á dalnum. Tún Skárastaða eru girt með túngarði. Þau eru um 400 m norðan við suðurmerki (sjá 250c:008) en 1 km sunnan við norðurmerki (sjá 027). Túnið á Skárastöðum er

fremur lítið miðað við önnur tún á vestanverðum dalnum. Það er 190-200 X 100 m að stærð og snýr NNV-SSA. Við túngarðinn 005 á Skárastöðum er byggt gerði og tóft en auk þeirra eru fimm tóftir (001-004 og 007) og ein þúst (009) í túninu. Ekki er alveg ljóst hver rústanna er hið upprunalegi bæjarhóll enda hafa einhverjar tóftanna verið notaðar og endurbyggðar eftir að bærinn fór í eyði. Hér er lagt til að lágur hóll, ofarlega í túninu miðju sé líklegasta staðsetning bæjarhól og er hann og sú rúst sem á honum er því skráðar sem bæjarhóll.

Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Stærstur hluti túna er vaxinn lyngi. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Vallargarður umlykur túnin og er hann og flestar tóftanna lyngivaxnar en þær sem hafa verið uppbyggðar síðar eru grasi vaxnar.

Bæjarhóllinn er lágur og ógreinilegur. Hann er litlu stærri en tóftin sem á honum er eða um 25 X 11 m og snýr norður-suður og er mest rúmlega hálfur metri að hæð. Hæðin og tóftin á henni eru á kafi í grasi ólíkt vallargarði og flestum hinna tóftanna í túninu. Sjálf tóftin á hæðinni er um 22 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er ógreinileg á köflum en virðist skiptast í þrjú hólf. Syðst er langt hólf (9 X 3 m að innanmáli) en norðan þess er lítið hólf (um 3 X 2 m að innanmáli austur-vestur). Op er á milli þessara tveggja hólfa og líklega hafa op líka verið á útveggjum en þeir eru hlaupnir í þúfur og því er erfitt að dæma um hvort eyður í þá eru náttúrulega eða raunveruleg op. Helst er þó að giska á að op hafi verið sunnarlega á austur- og vesturvegg og á austurútvegg minna hólfsins syðst. Nyrst í tóftinni er ógreinilegt hólf sem tengist ekki hinum. Það er 4 X 3 m að stærð og virðist opið syðst á vestur- og austurvegg. Veggir tóftarinnar eru mest 0,4 m á hæð og hvergi sér í grjóthleðslur. Sú tóft sem sést á yfirborði er líklega leifar seinni tíma mannvirkja, e.t.v. stekkjar frá Kraunastöðum (sbr. örnefnalýsingu).

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


Heimildir: Ö-Múlatorfa, 8; BBSÞ, 518; Ö-Þegjandadalur, 2, JÁM XI, 198 og DI II 434-435

SÞ-250b:002 tóft útihús 65°48.365N 17°21.196V

Í norðvesturhorni túngarðs 005 er aflöng tóft. Tóftin er um 70 m NNV við meintan bæjarhól 001, efst (vestast) í túni.Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Tóftin er að mestu vaxin lyngi.




Tóft SÞ-250b:002. Horft til norðurs



Tóftin er 20 X 11 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er ógreinileg á kafla en virðist þó hafa skipst í þrjú hólf. Nyrst er hólf sem er um 3 X 2 m að innanmáli en úr því hólfi hefur verið gengt yfir í miðjuhólfið sem er stærst eða 4-5 á báðar hliðar (að innanmáli). Líklega hefur verið op á útvegg þessa hólfs syðst á austurvegg en þar er e.k. útskot úr hólfinu. Sunnan við miðjuhólfið er svo þriðja hólfið sem stendur nokkru hærra en hin hólfin. Þetta hólf er um 3 X 2 m að stærð og snýr norður-suður. Ekkert op er greinilegt á þetta hólf sem er enn ógreinilegra en hin hólfin tvö. Sunnan við syðsta hólfið tekur við þýfð hæð 7 X 3 m en engar mannvirki eru þar greinileg á yfirborði. Ekki er þó ólíklegt að mannvistarleifar leynist þarna undir sverði. Í tóftinni sést hvergi í grjóthleðslur en veggir eru mest um 0,4 m á hæð. Tóftin er byggð alveg við norðvesturhorn túngarðs og kann að hafa verið sambyggð honum. Hún er vaxin lyngi en á stöku stað hefur grasvöxtur náð sér á strik í henni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:003 tóft útihús 65°48.359N 17°21.104V





Tóft SÞ-250b:003, horft til norðausturs

Tvískipt tóft er 45-50 m norðaustan við meintan bæjarhól 001. Tóftin er um 40 m sunnan við norðurhlið túngarðs 005 en um 20 m vestan við austurhlið hans. Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Tóftin er vaxin lyngi.

Tóftin er 12 X 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt en hvorki eru á henni greinileg op á milli hólfa né á útveggjum. Eystra hólf tóftarinnar er 5 X 2 m að innanmáli og snýr norður-suður en það vestara er 6 X 6 m að stærð. Eystra hólfið stendur svolítið hærra en það vestara, jafnvel þó að það sé neðar í hlíðinni. Veggir eru mjög signir og er breidd þeirra allt að 2-3 m á köflum. Þeir eru mest 0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:004 tóft útihús 65°48.304N 17°21.089V






SÞ-250b:004, horft til norðurs

Aflöng tóft er nálægt miðju túni sunnarlega. Hún er um 40 m vestan við austurhlið túngarðs 005 en 20-25 m norðan við suðurhlið hans. Tóftin er um 60 m SSV við meintan bæjarhól 001. Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Tóftin er að mestu vaxin lyngi en þar hefur svolítill grasgróður einnig náð bólfestu.

óftin er 20 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf og er það nyrsta 3 X 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Miðjuhólf er stærst eða 6 X 3 m að innanmáli og snýr það norður-suður. Op er sunnarlega á austurvegg þess og er það eina greinilega opið á tóftinni. Syðsta hólfið er svo um 4 X 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en veggir eru mest 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


SÞ-250b:005 garðlag túngarður 65°48.383N 17°21.072V



Túnin á Skárastöðum, í jaðri túna má greina túngarð (SÞ-250b:005)

Mikill túngarður girðir af tún á Skárastöðum. Hann er um 400 m norðan við suðurmerki (sjá 250c:008) en 1 km sunnan við norðurmerki (sjá 027). Túnið á Skárastöðum er fremur lítið miðað við önnur tún á vestanverðum dalnum. Við túngarðinn 005 á Skárastöðum er byggt gerði og tóft sem er hér allt skráð undir þessu númeri. Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Sjálfur er túngarðurinn vaxinn lyngi.

Túngarðurinn á Skárastöðum er sporöskjuaga og girðir af svæði sem er 190-200 X 100 m að stærð og snýr NNV-SSA. Túngarðurinn er víða um 2 m á breidd en 0,5-0,6 m á hæð. Götur liggja inn í tún gegnum garðinn að norðan á tveimur stöðum 006 og 008 og þær má rekja eftir öllu túninu og út um garðinn að sunnan. Upp við túngarðinn, neðst (austast) í túninu er byggt gleitt, þríhyrningslaga gerði sem hér er nefnt A. Gerðið og svæðið innan þess er lyngivaxið. Það er um 42 m á lengd (norður-suður) og er breiðast í miðjunni, um 12 m, en mjókkar til beggja enda. Gerðið er mjög gróið og sigið og hvergi sjást grjóthleðslur. Það er mest 0,6-0,7 m á hæð. Lítil tóft, B, er byggð við túngarðinn innanverðan efst fyrir miðju túni.Tóftin er ferhyrnd og um 8 m á kant. Ekkert op er greinilegt á henni. Tóftin er gróin lyngi og sigin. Veggir hennar eru um 2 m á þykkt en mest 0,4-0,5 m á hæð. Hún er beint ofan við suðurenda bæjarhóls 001.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



SÞ-250b:006 gata leið 65°48.375N 17°21.158V


Op eða hlið (um 8-9 m á breidd) er á túngarði 005 ofarlega á norður- og suðurhlið. Í gegnum þessi op liggja götur. Göturnar eru greinilegar eftir öllu túninu. Þær liggja t.d. fast neðan (austan) við meintan bæjarhól 001 og síðan sem leið liggur beint til suðurs og út úr túni. Gatan liggur um lyngivaxin, aflíðandi tún. Hana má greina áfram til norðurs, langleiðina að túnum Kraunastaða. Gatan er misgreinileg, allt frá einum, óljósum slóða og upp í 3-5 samsíða paldra.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Göturnar (SÞ-250b:006), horft til suðurs

SÞ-250b:007 tóft útihús 65°48.307N 17°21.153V





Útihústóftin (SÞ-250:007). Horft til austurs

Þrískipt tóft er efst í túni, um 22 m suðvestan við meintan bæjarhól 001. Túngarðurinn 005 gengur upp að suðurenda tóftar en hverfur 2-3 m sunnan við tóftina og hefst svo aftur örfáum metrum norðan við norðurenda hennar. Þessi tóft hefur án efa verið í notkun eftir að bærinn fór í eyði og er vel mögulegt að þetta sé sú stekkjartóft sem talað er um að hafi verið á Skárastöðum í seinni tíð frá Kraunastöðum.

Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð. Þessi tóft er vaxin grasi og vel hugsanlegt að hún hafi fyrst verið byggð eftir að bærinn lagðist í eyði. Hún er a.m.k. byggð í stefnu beint ofan á túngarð og er mögulegt að honum hafi eitthvað verið raskað við byggingu (eða endurbyggingu) þessarar tóftar. Í raun má skipta þessar tóft í tvennt. Annars vegar er aðaltóftin um 21 X 9 m að stærð og snýr norður-suður. Þessi hluti er tvískiptur og grasi gróinn. Syðra hólf hans er 11-12 X 4-5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er hins vegar 4 X 2 m og snýr austur vestur. Ekki er greinilegt

op á milli hólfa en op er á suðurvegg syðra hólfsins og ekki óhugsandi að annað op (sem reyndar gæti bara verið gróið hrun) hafi verið á miðjum austurvegg. Veggir þessa hluta tóftarinnar eru allt að 0,7 m á hæð. Til vesturs frá tóftinni gægist þriðja hólfið. Það er signara (0,5-0,6m) en aðaltóftin og vaxið lyngi. Líklega er það leifar af eldra byggingarstig. Þetta hólf er um 6 X 4 m að stærð. Það er einfalt og ekki er greinilegt op á því. Samtals er því tóftin, með öllu talið 21 X 13 m.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:008 gata leið 65°48.314N 17°21.105V




Götur hafa legið um túnið á Skárastöðum nokkru neðar en efri göturnar sem virðast hafa verið meira farnar (sjá 007). Neðri göturnar liggja víða 20-30 m neðan við þær efri. Þær liggja inn um lítið op á túngarði og eru ógreinilegri í túninu en 006. Þær má þó víða greina sem 2-3 slóða. Göturnar liggja út um op á suðurhlið túngarðs um 25-30 m austan við 006. Göturnar liggja rétt ofan (vestan) við tóftir 003 og 004.
Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð.
Göturnar eru víðast greinilegar sem 2-3 samhliða paldrar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Göturnar (SÞ-250b:008), horft til norðurs

SÞ-250b:009 þúst 65°48.300N 17°21.038V

Neðst í túni, um 30 m sunnan við gerði sem er byggt við túngarð 005, er aflöng hæð eða hryggur í túninu. Vel er mögulegt að þar leynist mannvistarleifar undir sverði þótt engar eiginlegar minjar séu sjáanlegar á yfirborði. Þústin er innan við 10 m vestan við túngarð og liggur eiginlega samsíða honum í suðausturhorni. Túnin á Skárastöðum eru í aflíðandi halla til austurs í vestanverðum Þegjandadal. Allt umhverfis túnin er lyngivaxin hlíð og sjálfur er hryggurinn vaxinn lyngi.



Hryggurinn er um 20 m á lengd en 9 m breiður þar sem mest er. Hann snýr nálega norður-suður. Mögulegt er að hryggurinn sé náttúrulegur en allt eins líklegt að þar leynist mannvistarleifar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:010 þúst 65°48.075N 17°21.148V

Um 10 m norðan við landamerkjagarð milli Hólkots og Skárastaða (sjá 250c:008) er lítil þúst. Þústin er um 50 m ofan (vestan) við framræst tún. Þústin er á lyngivöxnu svæði, fremur aflíðandi milli brattrar brekku Múlaheiðar og sléttra túna. Sjálf er þústin vaxin lyngi og grasi.


Þústin er um 6,5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Afar erfitt er að greina nákvæmt lag hennar en hún virðist hafa verið einföld og hugsanlega hefur op verið sunnarlega á vesturvegg og/eða nyrst á austurvegg. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Ytri brún veggja er skýrari en sú innri, sérstaklega að austan.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Þústin, horft til austurs

SÞ-250b:011 tóftir stekkur 65°48.705N 17°21.345V





Stekkjartóftirnar (SÞ-250b:011). Horft til norðausturs


Rúmum 700 m NNV við meintan bæjarhól Skárastaða 001 en 300-350 m innan (SSV) við landamerkjagarð 027 eru tvær tóftir. Tóftirnar eru um 760 m sunnan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum en 320 m suðvestan við Kraunastaðastekk 023. Tóftirnar eru á mörkum fremur brattrar hlíðar Múlaheiðar og meira aflíðandi svæðis. Þær eru grasi grónar en ofar er lyngivaxið þýflendi. Neðar skiptast á lyngivaxnir móar og graslendi.

Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er 19 X 13 m stórt norður-suður. Nyrðri tóftin A er tvískipt. Hún er um 7 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrðra hólfið er mun minna en það syðra en op eru á milli hólfa sem og á miðjum suðurvegg syðra hólfsins. Í framhaldi af vesturvegg er lágur hryggur sem gæti hugsanlega verið útflatt garðlag. Það er um 8 m langt. Veggir eru mest um 0,4 m á hæð. Um 5 m suðvestan við A er önnur tóft, B. Hún er um 6 X 3 m að stærð og snýr einnig norður-suður. Austurhluti þessarar tóftar er greinilegur en sá vestari ógreinilegri. Tóftin er á toppi lágrar hæðar og í austurhlið hæðarinnar er þýft og mögulegt að þar leynist frekari mannvistarleifar. Staðsetning tóftanna og lag bendir til þess að þær getu verið af stekk frá Skárastöðum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:012 tóftir heystæði 65°48.397N 17°20.804V

Fimm litlar og einfaldar tóftir (og tvær dældir þar sem líklegt er að torf hafi verið rist) eru í hnapp á hæð um 100 m ofan (vestan) við Kálfalæk, 270 ANA við meintan bæjarhól Skárastaða 001 og 1,4 km SSA við íbúðarhúsið á Kraunastöðum. Rúmum 70 m sunnar er stök tóft 028 en rúmlega 50 m norðar þrjár tóftir 018 í hnapp og er mögulegt að allar þessar tóftirhafi verið byggðir á svipuðum tíma og í svipuðum tilgangi og þær tóftir sem hér er lýst. Helst er að giska á að þessar tóftir






Tóft C (SÞ250b:012) horft til norðurs

hafi verið heystæði. Þar eru einfaldar og standa hærra en umhverfið og ágætis graslendi er vestan þeirra. Fremur slétt og deiglend tún taka við fast vestan Kálfalækjar og í 80-100 m til vesturs. Þá taka við lyngivaxnir móar í aflíðandi halla upp að rótum Múlaheiðar þar sem land verður örlítið brattara. Tóftirnar eru á þessu svæði. Þær eru á kafi í grasi og skera sig því úr mólendinu.

Á þessum stað eru sjö tóftir á svæði sem er um 30 X 30 m stórt. Tóftunum verða hér gefnir bókstafir til aðgreiningar. Nyrst er lítil þúst, A, sem er um 2 m á kant. Innri brún veggja er ógreinileg. Veggir þústarinnar eru um 0,3 m á hæð og þeir eru grasi grónir. Engar grjóthleðslur sjást í þústinni sem er einföld. Ekkert op er merkjanlegt á henni. Um 2 m vestan við suðurhluta A er önnur áþekkt tóft, G. Hún er ferhyrnd og 5 X 4 m að stærð. Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Ekkert op er greinilegt á henni. Veggir tóftarinnar eru grónir grasi og engar grjóthleðslur sjást í henni. Veggir eru um 0,2 m á hæð. 2-3 m suðaustan við tóft G er þriðja tóftin, B. Hún er um 5 m á kant. Tóftin er grasi gróin, einföld og án ops. Suðurhlið hennar er illgreinileg en annars eru veggir mest um 0,2 m á hæð. Tóftin hefur án efa verið einföld. Tæpum 25 m suðvestan við þessar tóftir þrjár eru svo aðrar tvær aðrar tóftir (C og F) og tvær greinilegar dældir (Dog E). Nyrst þessara tófta er C og er hún sú sem er mest áberandi. Hún er ferhyrnd, einföld og um 6 m á kant. Veggir eru greinilegir og jafnvel eins og op hafi verið í norðvesturhorni hennar. Tóftin er gróin grasi og mest 0,2 m á hæð. Um 3 m suðaustan við tóft C eru tvær dældir, E og D, líklega þar sem torf hefur verið rist í tóftirnar. Nyrðri dældin D er 3 X 2 og snýr norður-suður og sú syðri, E, er jafnstór en snýr austur-vestur. Báðar dældirnar eru um 0,1 m á dýpt. Fast austan við dældirnar er svo tóft F. Hún er ferhyrnd og einföld, um 4 X 4 m að stærð. Tóftin er grasi gróin og veggir eru hvergi hærri en 0,3 m á hæð. Ekkert op er á tóftinni.



Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:013 tóft smalakofi 65°48.652N 17°20.966V
Um 270 m sunnan við Kraunastaðastekk 023 en um 900 m SSA við íbúðarhúsið á Kraunastöðum er lítil tóft á hól. Tóftin, sem vel gæti verið af smalabyrgi, er um 600 m NNA við bæ 001 á Skárastöðum. Hún er um 150 m vestan við Kálfalæk. Tóftin er í vesturhlið Þegjandadals, í aflíðandi halla. Talsverðir hólar eru á þessum slóðum og er byrgið á uppblásnum melhól með dálitlum lynggróðri. Gott útsýni er af hólnum. Allt umhverfis er lyngivaxið.
Tóftin hefur verið hlaðin úr grjóti en er nú alveg hrunin. Hún virðist hafa verið ferhyrnd og líklega hefur hún verið ríflega 1 m á kant. Veggir hafa hrunið inn í tóftina og hún er full af grjóti. Ytri brún veggja er greinleg og jöfn en annars er tóftin fremur illa farin og jafnvel eins og vegghleðslum hafi verið hrúgað upp í miðjuna. Ef það væri ekki fyrir ytri brún veggja væri eðlilegast að halda að þessar minjar væru af vörðu fremur en litlu byrgi.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:014 hleðsla 65°48.576N 17°21.057V
Um 160 m sunnan við byrgi 017 er grjótdreif í hóltoppi sem virðist vera leifar hrunins mannvirkis. Líklega hefur varða verið á þessum stað en ekki er útilokað að leifarnar geti verið af smalabyrgi (svipað og skráð var á 017).
Tóftin er í vesturhlið Þegjandadals, í aflíðandi halla. Talsverðir hólar eru á þessum slóðum og er hleðsluleifarnar á uppblásnum melhól með dálitlum lynggróðri. Gott útsýni er af hólnum. Allt umhverfis er lyngivaxið.
Steinadreifin er um 1,5 m í þvermál og á einum stað má segja að það megi greina hleðslu norður-suður. Annars er erfitt að sjá nokkurt lag á grjóthrúgunni en grjóti hefur greinilega verið safnað á þennan stað.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250b:015 varða 65°48.541N 17°21.857V
Um 200 m norðan við syðri Stekkjarvörðu 022 er alveg hrunið vörðubrot. Varðan er um 1,1 km SSV við íbúðarhúsið á Kraunastöðum en um 660 m norðvestan við Skárastaði 001.
Varðan er í lyngivöxnum móa en austan við hana er lítið flag og þar glittir í klöpp.
Varðan er hrunin en grjótleifar sjást á svæði sem er 1,5 m austur-vestur en 1 m norður-suður. Varðan er hlaðin úr stóru grjóti. Hún stendur svolítið hærra en móinn í kring. Vel er hugsanlegt að þessi varða sé í raun önnur af Stekkjarvörðunum (sjá einnig 022) en þá hefur henni verið haldið við.
Hættumat: engin hætta



Varða (SÞ-250b:015) horft til suðurs

SÞ-250b:016 garðlag landamerki 65°48.492N 17°20.767V
Garðlag, sem gæti hafa verið landamerkjagarður, er greinilegt í hlíðinni skammt norðan við tún Skárastaða. Garðurinn er tvöfaldur á kafla (sjá líka 017) og hefur náð frá Kálfalæk og upp í hlíðina. Sá garður sem hér er skráður er sá nyrðri af garðlögunum tveimur og er hægt að rekja hann skemmra upp í hlíðina en 017. Garðurinn er um 1,2 km sunnan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum en um 200 m norðan við bæjarhólinn á Skárastöðum 001.
Garðurinn liggur um lyngivaxna móa.
Garðlagið er víða 2-3 m á breidd og er lyngivaxið. Það þær frá Kálfalæk og er greinilegt um 220 m upp hlíðina áður en það fjarar út. Garðurinn er óvíða meira en 0,5 m á hæð og fellur mjög saman við landið þannig að erfitt er að rekja hann á jörðu niðri. Vel er mögulegt að þessi garður hafi verið á norðurmörkum Skárastaða en ef svo er er afmarkað hólf á milli hans og 027 þar sem ekki er þekkt bæjarstæði
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:017 garðlag landamerki 65°48.467N 17°20.911V

Garðlag, sem gæti hafa verið landamerkjagarður, er greinilegt í hlíðinni skammt norðan við tún Skárastaða. Garðurinn er tvöfaldur á kafla (sjá líka 017) og hefur náð frá Kálfalæk og upp í hlíðina. Hægt er að rekja hann í sömu hæð og túnin á Skárastöðum en þar fjarar hann út og því óljóst hvort hann hefur aldrei náð mikið hærra eða jafnvel náð alla leið að langgarðinum sem liggur eftir allri hlíðinni (sjá 026). Þvergarðurinn sem hér er skráður er sá syðri af garðlögunum tveimur sem eru samsíða og er víðast um eða innan við 10 m á milli. Hann er um 1,2 km sunnan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum en um 200 m norðan við bæjarhóllinn á Skárastöðum 001. Garðlagið liggur upp lyngivaxna móa. Garðlagið er víða 2-3 m á breidd og er lyngivaxið. Það þær frá Kálfalæk og er greinileg um 300 m upp hlíðina áður en það fjarar út nálega þar sem götur 006 sem liggja til norðurs frá túninu á Skárastöðum liggja um hlíðina. Garðurinn er óvíða meira en 0,5 m á hæð og fellur mjög saman við landið þannig að erfitt er að rekja hann á jörðu niðri. Vel er mögulegt að þessi garður hafi verið á norðurmörkum Skárastaða en ef svo er er afmarkað hólf á milli hans og 027 þar sem ekki er þekkt bæjarstæði.



Landamerkjagarðurinn (SÞ-250b:017) er merktur með rauðri línu inn á ljósmyndina. Horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:018 tóftir heystæði 65°48.428N 17°20.776V


Þrjár litlar og einfaldar tóftir eru í hnapp á hæð um 60-70 m ofan við Kálfalæk, 325 ANA við bæjarhól Skárastaða 001 og 1,3 km SSA við íbúðarhúsið á Kraunastöðum. Tóftirnar eru um 50 m norðan við nokkrar einfaldar tóftir í hnapp 012. Tóftirnar eru í suðurjaðri lyngmóa í aflíðandi hlíð. Neðar eru grasivaxið og deiglent svæði að Kálfalæk.



Heystæði C (SÞ-250b:018), horft til suðurs

Á þessu svæði, sem er rúmlega 20 X 5 m að stærð og snýr austur-vestur, eru þrjár tóftir og verður hverri þeirra hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Austast er aflöng tóft, A. Hún er 4 X 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Veggir tóftarinnar eru mest 0,2 m á hæð. Hún er á köflum ógreinileg og hlaupin í þúfur og er á kafi í grasi. Um 7 m vestan við tóft A er önnur einföld tóft B. Hún er einnig 4 X 3 m að stærð og snýr austur-vestur eins og A. Tóftin er einföld og ekki er greinilegt á henni op. Vegghleðslur eru mest 0,3 m á

hæð. Þriðja tóftin, C, er um 6 m VSV við B. Hún er jafnstór (4 X 3 m) og en snýr norður-suður. Líkt og á hinum tóftunum tveimur er tóftin einföld og án ops. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í henni. Lag tóftanna og staðsetning bendir helst til að þær séu heystæði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



SÞ-250b:019 garðlag 65°48.461N 17°20.700V

Afar óljósar leifar garðlags, hugsanlega af gerði, eru um 20 m vestan við Kálfalæk en um 70 m suðaustan við austurenda garðlags 017. Garðlagið er 430 m norðaustan við meintan bæjarhól á Skárastöðum 001.
Garðlagið er við Kálfalæk og er það grasivaxið. Allt umhverfis eru grasi vaxnir móar ef undan er skilin sporöskjulaga hvilft austan garðsins, nær Kálfalæk en þar er gróðurþekjan rofin og lyng og mosi meira ráðandi.
Garðlagið er fremur óskýrt. Það er um 10-15 m langt og 1 m á breidd. Garðlagið liggur gróflega norður-suður en svolítil sveigja er á því um miðbikið þannig að báðir enda vísa aðeins í átt að Kálfalæk. Garðurinn er gróinn, hvergi sér í grjóthleðslur. Ekki er ljóst hvaða tilgangi garðlagið hefur þjónað og ekki er alveg útilokað að þessi hryggur kunni að vera náttúrusmíði og/eða leifar ruðnings frá læknum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Leifar garðlagsins (SÞ-250b:019). Horft til suðurs

SÞ-250b:020 *Beitargarður* garðlag 65°48.574N 17°22.321V

Talsvert garðlag, sem meðal heimamanna er nefnt Beitargarður, gengur upp miðjan Múlaháls að norðan frá garðlagi sem liggur meðfram hlíðinni úr Þegjandadal, fyrir hálsinn og með honum aftur til suðurs (sjá 026). Óljós bílslóði liggur upp hálsinn fast austan við garðinn. Norðurendi garðsins er um 1,3 km suðvestan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum.
Garðurinn liggur upp lyngivaxinn hálsinn. Stöku melar stinga sér upp úr lynggróðrinum hér og þar.
Garðurinn liggur frá langgarði 026 og upp hlíðina. Hann er vel merkjanlegur í um 180 m til suðvesturs áður en hann verður ógreinilegur. Þá er jafnvel eins og hann beygi lítillega og liggi beint í suður í um 50-60 m til viðbótar en þó er erfitt að fullyrða um leguna á þessum slóðum þar sem hún er ógreinileg. Garðurinn fjarar svo alveg út. Hann er mest um 4 m á breidd en 0,4 m á hæð og lyngivaxin. Garðurinn er víða hlaupinn í þúfur og sum staðar eru í hann rof.



Beitargarður (SÞ-250b:019). Horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SÞ-250b:021 *Skeið* túngarður býli 65°48.466N 17°20.909V
"Skeið, er nafn á tóttarbroti sunnan við Kraunastaði [001], kann að hafa verið býli," segir í Byggðum og búum í Suður-Þingeyjarsýslu. Í örnefnaskrá segir ennfremur um bæinn: "Örskotslengd sunnan við Björg er Skeiðakot. Þar ber mjög lítið á tóftum." Mjög erfitt er orðið að greina leifar Skeiða. Samkvæmt heimamönnum var bærinn þó þar sem óljósar leifar túngarðs má rekja frá merkjagarði 017. Þar má sjá leifar vallargarðs vestan við tún en hann er afar ógreinilegur og engar tóftir sást innan túngarðsins. Hafi landamerkjagarður 017 markað land Skárastaða til norðurs er afmarkað landsvæði milli þess garðs og landamerkjagarðs 027. Ekki fundust neinar "býlistóftir" á þessu svæði en hólfið er annars afmarkað svipað og aðrir bæir á dalnum. Ekki er óhugsandi að Skárastaðir hafi "upprunalega" verið innan þessa svæðis. Hafi svo verið fundust engin ummerki um það við vettvangsrannsókn og hér verður bærinn skráður í samræmi við þá trú heimamanna að um Skeið sé í raun þær garðhleðslur sem óljóst má greina fast sunnan 017.
Svæðið er lyngivaxið í aflíðandi halla til austurs. Nokkrar lyngivaxnar hæðir eru þar.
Landamerkjagarður 017 markar norðurhlið gerðisins. Frá honum neðarlega má óljóst rekja garðlag sem liggur til suðurs í sveig en beygir svo til austurs eftir um 60 m. Garðlagið heldur svo áfram til vesturs í um 50 m áður en það hverfur endanlega. Þetta garðlag er mjög óskýrt, það er lyngivaxið og 4-5 m á breidd en 0,4-0,5 m á hæð. Garðlagið (þ.e. neðsti hluti 017 og þetta garðlag í sameiningu) afmarkar svæði sem er um 100 X 100 m stórt. Það umlykur lága, lyngi og mosavaxna hæð. Engar tóftir eru á hæðinni er nokkrar litlar hæðir má þó greina og ekki útilokað að þar kunni að reynast mannvistarleifar undir sverði. Hæðin er 100 X 20-30 m stór og snýr norður-suður. Hún er að mestu náttúruleg. Engar aðrar leifar fundust á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: BBSÞ, 518; Ö-Þegjandadalur, 2

SÞ-250b:022 *Stekkjarvörður* varða 65°48.424N 17°21.814V




Stekkjarvarða (SÞ-250b:022)

"Upp af Skárastaðatóftum eru vörður tvær á austurbrún heiðarinnar. Þær heita Stekkjarvörður, stutt suður af Einbúa," segir í örnefnaskrá Múla. Aðeins sést nú ein varða á þessum slóðum og hefur henni án efa verið haldið við. Hún er um 530 m VNV af Skárastöðum 001 en um 40 m austur af langgarðinum sem gengur eftir allri landareign Skárastaða 026. Mögulegt er að "hin" Stekkjarvarðan sé í raun 015 sem er um 200 m norðar. Ekki er ljóst af hvaða stekk vörðurnar draga nafn sitt þar sem enginn tóft er í nánd og afar ólíklegt er að stekkur hafi verið byggður á þessum slóðum. Líklegast er e.t.v. að vörðurnar dragi nafn af Kraunastaðastekk 023 þó svo að þær séu um 1 km ofar og innar í hlíðinni.
Varðan er í aflíðandi hlíð til austurs. Umhverfis er þýfður mói. Næst vörðunni er vel gróið en í um 1-2 m radíus frá vörðunni er uppblástur í gróðurtorfunni.
Varðan er hlaðin úr stóru grjót og virðist ekki mjög vönduð þó henni hafi sjálfsagt verið haldið við lengi. Hún er um 2 X 1 m að stærð en um 0,8 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Múlatorfa, 8

SÞ-250b:023 *Kraunastaðastekkur* tóft stekkur 65°48.799N 17°20.992V

"Þar sem göturnar liggja af dalnum upp á og yfir Stöpulinn er Skjóllág, en nokkru neðar á láglendinu eru Enni. Þar er Kraunastaðastekkur og Stekkjarlág," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er enn greinileg. Hún er um 500 m suður frá íbúðarhúsinu á Kraunastöðum og um 10 m sunnan við girðingu (austur-vestur) sem girðir af sléttuð tún norðar. Tóftin er tæpum 900 m NNA við bæjarhól Skárastaða 001. Hún er 100-200 m ofan við Kálfalæk.



Stekkurinn er fast sunnan við sléttuð tún, í grasi vaxinni lág milli lyngivaxinna, þýfðra hæða. Hann er því í nokkru skjóli nema að norðaustan. Stekkurinn er byggður upp við norðvesturhlíð hæðar.

Stekkjartóftin er 11 X 6 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er tvískipt. Tóftin er grasi gróin og sigin og hvergi sjást í henni grjóthleðslur. Norðurhólf tóftarinnar er rúmlega 4 X 3 m að stærð (NA-SV) og op er á því sunnarlega á austurvegg. Syðra hólfið er um 3 X 2 m (NA-SV) í þvermál en ekki er greinilegt op á því. Tóftin er mjög sigin og gróin og veggjahæð er hvergi meiri en 0,4-0,5 m. Veggir eru víða 1,5-2 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Múlatorfa, 8

SÞ-250b:024 varða 65°48.543N 17°20.863V

Um 480 m SSA við Kraunastaðastekk 023 er fornleg varða á hól. Varðan er um 450 m NNA við bæjarhól á Skárastöðum 001. Varðan er allra syðst á lágum, grónum hól. Stórgrýti, skófum vaxið, myndar vörðuna sem er um 0,5 m á hæð en 1,5 m í þvermál.


Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Varðan (SÞ-250b:024). Horft til suðurs

SÞ-250b:025 tóft 65°48.154N 17°21.016V

Um 40 m ofan (vestan) við ræktuð tún í botni Þegjandadals er einföld tóft. Hún erum 350 m SSA við meintan bæjarhólin á Skárastöðum 001. Hár, lyngivaxinn mói endar til suðurs um 30 m norðar en tóftin. Fast sunnan móans er um 30 m breið grasslétta en tóftin er í jaðri hennar og lyngivaxinna móa sunnar.






Tóftin (SÞ-250b:025).Horft til austurs

Einföld, lyngivaxin tóft sem er 5 X 4 m að stærð. Tóftin snýr norður-suður. Ekki er greinilegt á henni op og engin merki sjást um að hún hafi verið hlaðin úr öðru efni en torfi. Veggir tóftarinnar eru mest um 0,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:026 garðlag vörslugarður 65°48.074N 17°21.774V

Mikið garðlag liggur eftir endilangri landareign Skárastaða frá syðri landamerkjagarði 250c:008 og til norðurs með hlíðinni. Garðurinn beygir svo með hlíðinni til vesturs með Múlahálsi, liggur yfir hálsinn og er aftur farinn að beygja til suðurs með Múlaheiði þegar hann fjarar út. Samkvæmt staðkunnugum á þessi garður að hafa legið áfram til suðurs með vesturhlið Múlaheiðar og jafnvel náð hring um Múlann en þó virðist fremar sem garðurinn hafi legið niður Múlann vestanverðan en annað garðlag (sjá 020) þá jafnvel legið upp Múlahálsinn og áfram vestur með Múlanum. Garðurinn liggur ofarlega í Múlanum, um lyngivaxna haga. Sjálfur er garðurinn gróin lyngi.



Vörslugarðinn (SÞ-250b:026) má greina sem hrygg á myndinni.

Garðurinn er á köflum alveg ógreinilegur og hlaupinn í þúfur. Þar sem hann er heillegastur er hann um 4 m á breidd og nær um 1 m hæð þar sem mest er en víða er hann allt að 8 m breiður. Víða liggja slóðar ofan á garðinum eða í jaðri hans og er hann þá sundurskorinn. Við skráningu var garðurinn rakinn á um 1,3 km löngum kafla en afar líklegt er að hann hafi áður náð lengra til suðurs, í vestanverðri Múlaheiði. Þar hverfur garðurinn í mela.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250b:027 garðlag landamerki 65°48.890N 17°21.489V

Garðlag, sem líklega hefur verið merkjagarður, er um 400 m sunnan við íbúðarhúsið á Kraunastöðum en um 1,1 km NNV við meintan bæjarhól á Skárastöðum 001. Á milli þessa garðs og áþekkra garða 016/017 sunnar, sem einnig gætu verið landamerki, eru um 870 m. Garðlagið er greinilegt fast ofan við tún frá Kraunastöðum. Það er grasi og lyngivaxið.




Landamerkjagarðurinn (SÞ-250b:027). Horft ti austurs

Garðlagið liggur austur-vestur og það er hægt að greina á um 100 m kafla. Neðar hefur það verið sléttað í tún og ofar hefur það víða hlaupið í þúfur. Garðurinn er víða um 4 m á breidd en allt að 0,8 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250b:028 tóft heystæði 65°48.343N 17°20.838V





metrar



Heystæðistóft (SÞ-250b:028). Horft til austurs.

Stök, einföld tóft er rúmum 70 m sunnan við nokkrar einfaldar tóftir í hnapp 012 en um 150 m austan við túngarð Skárastaða 005. Fremur slétt og deiglend tún taka við fast vestan Kálfalækjar og í 80-100 m til vesturs. Þá taka við lyngivaxnir móar í aflíðandi halla upp að rótum Múlaheiðar þar sem land verður örlítið brattara.

Tóftin er á litlum hól. Hóllinn sker sig úr landslaginu og er 6 X 5 m að stærð. Í toppi hans er tóftin sem er vart meira en óljós dæld, um 2 m á kant og um 20 cm djúp. Hóllinn er grasi gróinn en umhverfis er lyngmói. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið heystæði


Hættumat: hætta

SÞ-250c Hólkot

Í máldaga Múlakirkju frá 1318 segir: "Hier fylgia Eynarstader. Jngirijdarstader. skarastader. Biarkarstader. skeydz land. kraumastader. fotaskinn. fiallzland medur aullum valahrijsum." DI II 434-435. Bæirnir eru aftur taldir upp í máldögum kirkjunnar frá 1394 (DI III 576-578), 1429 (DI IV, 375), 1431 (DI IV 468) og áfram allt fram til 1525 (DI IX 327-328). Árið 1553 eru hins vegar býlin ekki talin upp með eigum kirkjunnar.
Hér er skráð sú jörð sem önnur í bæjarröð eyðibýla í vestanverðum Þegjandadal, talið frá norðri og eru bæjarrústirnar um 2,4 km frá Kraunastöðum. Á síðustu öldum hefur þessi bær gengið undir nafninu Hólkot sem verður hér notað en ýmislegt bendir til að þessi bær (en ekki 250d) hafi áður verið kallaður Bjarkarstaðir.

SÞ-250c:001 *Hólkot* bæjarhóll býli 65°47.824N 17°21.098V

Hér er skráð sú jörð sem önnur í bæjarröð eyðibýla í vestanverðum Þegjandadal, talið frá norðri og eru bæjarrústirnar um 2,4 km frá Kraunastöðum. Á síðustu öldum hefur þessi bær gengið undir nafninu Hólkot sem verður hér notað en ýmislegt bendir til að þessi bær (en ekki 250d) hafi áður verið kallaður Bjarkarstaðir enda er það bæjarheiti talið upp næst yst í bæjarröðinni í elstu máldögum. Í örnefnaskrá Þegjandadals segir: "Hér um bil einum kílómetra sunnar [en Skárastaðir 250b] er eyðijörðin Hólkot. Bæjarhúsin hafa staðið á hól, og sjást nú þeirra lítil merki, en umhverfis hólinn hefur verið túnskiki, sem grænkar vel á sumrin." Í örnefnaskrá Múla er staðsetningu Hólkots lýst á eftirfarandi hátt: ""Bæjarleið" norðar [en Múlahús] en ætti skv. lýsingu að vera á milli Bjarkarstaða 250d og Hólkots] er Hólkot og Hólkotslág er sunnan við túnið. Þarna á milli eru nokkur hundruð metrar," segir í örnefnaskrá Múla. Þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín geta um eyðibýlið Hólkot sem þeir telja upp annað í röð eyðibýla á dalnum og gæti það því vel verið sami bær og hér er skráður. Þegar Jarðabókin er rituð hafa öll býlin á Þegjandadal verið í eyði um langt skeið og í bókinni segir: "rómast að [allir bæir í Þegjandadal hafi] eyðst í stóru plágunni og aldrei síðan aftur bygst, eru þó sýnileg byggingarmerki á sjerhvörju þeirra, og sýnist líklegt að þetta sjeu þau 5 býli sem Múlakirkju máldagi um getur, þó nöfnin séu umbreytt. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja, því staðurinn má ekki haganna án vera, þar með er heyskapur enginn í þeim löndum, þar með eru túnstæðin flest öll viði vaxin og í reyti komin." Landsvæði þessarar jarðar er vel afmarkað af landamerkjagörðum að norðan (sjá 008) og að sunnan (250d:013) og og nær það yfir um 900 m langt svæði norður-suður. Bæjarrústin er nærri því í miðju landinu, í svipaðri fjarlægð frá báðum landamerkjagörðum. Land til fjalls er einnig afmarkað með miklum garði sem er um 400 m ofan við bæ (sjá 011). Túnstæðið sjálft er afmarkað með tvöeða þreföldum vallargarði (sjá 004 og 013). Innri vallargarður afmarkar svæði sem er um 150-160 X 100 m norður-suður en sá ytri 270 X 160-190 m. Innan innri vallagarðs eru þrjár rústir (001, 003 og tóft við túngarð 004) en milli ytri og innri garðs eru tvær til viðbótar (002 og 005). Hér verður rúst 001 lýst og er hún líklegust rústanna til að vera bæjarrúst, þótt greinilega hafi verið byggt á henni í seinni tíð.



Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin en svolítill grasgróður hefur skotið rótum í "bæjartóftinni" og á hluta vallargarða og eru þetta líklega þau mannvirki sem hafa verið endurbyggð eftir að býlið fór í eyði. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt, ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna. Þessar framkvæmdir hafa væntanlega skemmt tóftir neðan við tún í Hólkoti, ef einhverjar hafa verið og þær hafa einnig skemmt austurhluta ytri túngarðs. Sjálf "bæjartóftin" er á lágum hól og lítil lækjarspræna rennur fast sunnan hans.
Sú tóft sem líklegust telst bæjartóft að stofni til í Hólakotstúni er nálega í miðjunni á því svæði sem ytri

vallargarður (013) afmarkar en er suðvestast innan innri túngarðs 004. Ytri vallargarðurinn gæti vel verið eldri þar sem hann er gróinn lyngi og mjög siginn, en sá innri er að hluta grasi vaxinn. Þó getur vel verið að þeim innri hafi einungis verið haldið við lengur. Tóftin er á grasi vöxnum hól sem sker sig mjög úr lyngivöxnum móunum í kring. Hóllinn er um 32 X 30 m stór og snýr norður-suður. Bæjarhóllinn er fast við vesturhlið innri túngarðsins 006. Tóftin er á miðjum hólnum en ógreinilegar veggjaleifar teygja sig víða. Samtals eru veggjaleifar á svæði sem er um 27 X 25 m stór (austur-vestur). Hleðsluhæð er víða um 0,4 m og hvergi sjást grjóthleðslur þótt einstaka steinar séu á víð og dreif á svæðinu og einn þeirra, sem er suðaustarlega á tóftarsvæðinu sé fremur stór. Hér verður fyrst lýst þeim leifum sem líklegast má telja til tóftar (A) en því næst ógreinilegri veggjaleifum á bæjarhólnum (B-D). Sjálf er tóftin 25 X 15 m stór og snýr norður-suður. Bæjartóftinni má skipta í 4-5 hólf og hverju þeirra er hér gefinn rómverskur bókstafur til aðgreiningar. Engin op eru lengur greinileg á milli hólfa eða á útveggjum. Norðvestast í tóftinni er hólf (I) sem snýr norður-suður og er 6-7 X 3-4 m að innanmáli. Frá norðvesturhorni tóftar gengur svo lítill veggstubbur til norðurs í um 3 m áður en hann fjarar út. Austan við hólf (I) er lítið hólf (II). Það er um 2 m á kant en er þó örlítið lengra á lengdina (norður-suður). Sunnan við þetta hólf er aflangt hólf, III, sem snýr einnig norður-suður. Það er um 6 X 3 m stórt. Að baki þessu hólfi er annað hólf, IV, sem snýr þvert á það (eða austur-vestur). Það er um 6 X 4 m að stærð. Frá vesturvegg þessa hólfs teygir veggur sig í um 7 m til suðurs en beygir þá til austurs en fjarar út eftir 1 m. Líklegast er að þessi veggur hafi markað enn eitt hólfið, V, og hefur það þá líklega verið um 8 X 6 m stórt og snúið austur-vestur. Sé sú raunin eru austur- og suðurveggir að mestu horfnir. Þar sem suðausturhorn þessa hólfs hefur líklega verið er stór steinn. Meðfram austurhlið tóftarinnar endilangri gengur garðlag/veggur (B). Það er 2-3 m austan við tóftina, á bæjarhlaðinu. Þetta garðlag er samtals 12-14 m langt og beygir svolítið til vesturs meðfram norðurhlið rústarinnar áður en það fjarar út. Annað garðlag (C) er um 2-3 m austan við það fyrrnefnda. Þetta garðlag myndar þríhyrningslaga svæði með (B) sem austurhlið. Sjálft garðlagið myndar því nokkuð skarpt horn og enda báðir armar 2-3 m austan við B. Garðlagið er sigið og ógreinilegt og er í svolitlum halla á bæjarhólnum. Engar grjóthleðslur sjást í þessum garðlögum frekar en bæjartóftinni meintu. Tæpum 1 m suðaustan við suðausturhorn bæjartóftar (A) er þýft svæði, um 5 X 3 m stórt. Það snýr austur-vestur en ekki er hægt að sjá greinileg veggjarbrot í því. Á bæjarhólnum er reyndar víða þýft og líklegast að mannvistarleifar séu þar alls staðar undir sverði þótt ekki sé hægt að sjá greinilega mynd á fleiri tóftum á yfirborði.




Bæjarhóllinn á Hólkoti (SÞ-250c:001). Horft til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Múlatorfa, 8; Ö-Þegjandadalur, 2; JÁM XI, 198 og DI II 434-435

SÞ-250c:002 tóft útihús 65°47.854N 17°21.151V



Útihústóftin,(SÞ-250c:002), horft til austurs




Útihústóft er um 70 m norðvestan við bæ 001. Hún er í norðvesturhorni ytri vallargarðs 013, tæpum 10 m neðan (austan) við austurhlið hans en 15 m innan (sunnan) við norðurvegg túngarðsins. Tóftin er hins vegar utan innri hlið vallargarðs 004 (eða um 50 m ofan við vesturhlið hans).

Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna. Útihústóftin og nánasta umhverfi hennar er vaxið lyngi. Umhverfis er smáþýft.

Tóftin er um 8 X 8 m stór og skiptist í tvö hólf. Þau virðast bæði hafa verið svipuð að stærð (innanmál tæpir 4 X 2 m) og hafa snúið norður-suður. Vestara hólfið er mun skýrara en það austara sem einnig er í meiri halla og er orðið alveg ógreinilegt á kafla, sérstaklega nærri norðausturhorni. Op hefur verið á milli hólfanna norðarlega á milliveggnum en ekki hafa verið önnur op á vestara (innra) hólfið. Op kann að hafa verið á miðjum norðurvegg austara hólfsins og eða norðarlega á austurvegg. Um þetta verður þó ekki fullyrt þar sem tóftin er mjög hrunin og sigin á þessum slóðum. Hvergi sjást grjóthleðslur en hleðsluhæð veggja er mest 0,3-0,4 m. Ytri brún veggja er mun greinilegri en innri brún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250c:003 tóft útihús 65°47.855N 17°21.037V





Útihústóftin (SÞ250c:003). Horft til austurs.

Tvískipt tóft, líklega af útihúsi, er 70-80 m norðaustan við bæ 001, innan innri túngarðs 004. Hún er um 30 m vestan við austurhlið túngarðsins en 35-40 m sunnan við norðurhlið hans. Tóftin er 60-70 m ofan (vestan) við efsta skurð framræstu túnanna sem eru í dalsbotni vestan Kálfalækjar.
Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna. Útihústóftin og nánasta umhverfi hennar er vaxið lyngi en svolítið gras vex innan tóftarinnar. Umhverfis er smáþýft.

Tóftin er 12 X 13 m stór og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Nyrðra hólfið er stærra (7 X 3 m) og snýr austur-vestur. Vesturveggur þess er mjög ógreinilegur. Sunnar er minna hólf (2 X 3 m) sem snýr einnig austur vestur. Op er á það sunnarlega á vesturvegg en ekki er greinilegt op á milli hólfa. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Hún er mjög sigin og jafnvel ógreinileg á köflum. Hæð veggja er mest 0,3 m en þeir, og þá sérstaklega ytri mörk veggja, eru óljós.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250c:004 garðlag túngarður 65°47.871N 17°21.074V

Umhverfis tún í Hólkoti liggja tveir túngarður og er hér skráður sá innri (sjá 013 fyrir þann ytri). Með túngarðinum eru skráð tvö sambyggð mannvirki, annars vegar gerði nálægt norðvesturhorni hans (sjá A) og hólf sem liggur eftir meðfram norðurhlið hans endilangri (B).Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin en svolítill grasgróður hefur skotið rótum í "bæjartóftinni" og á hluta innri vallargarðs og eru þetta líklega þau mannvirki endurbyggð eftir að býlið fór í eyði. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals





Tungarðsveggur (SÞ250c:004), horft til norðurs

vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna.


Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 150-160 X 100 m stór (norður-suður). Suðaustur- og suðvesturhorn hans eru rúnuð en norðaustur- og norðvesturhorn nokkuð skörp. Garðurinn er víða 1,5-2 m breiður og 0,4-0,5 m á hæð. Ólíkt ytri vallargarðinum 013 er hann vaxinn grasi að hluta, sérstaklega er ræktarlegur grasvöxtur í vesturhlið garðsins og má ætla að hún hafi verið endurbyggð lengur en önnur garðlög í túninu. Gerði A er sambyggt túngarði nálægt norðvesturhorni. Gerðið er um 70 m norðan við bæjarhól 001. Það er vaxið lyngi og er 28-30 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hólfið er breiðast um miðjuna og skiptist þar, með millivegg upp í tvö hólf, álíka stór (8 X 2-4 m). Ekki er greinilegt op á milli hólfa en op hefur verið á norðurvegg þess nyrðra. Engar grjóthleðslur sjást í gerðinu. Veggir þess eru mest um 0,4 m á hæð en vesturveggurinn (sem er í raun túngarðurinn) er nokkru hærri eða allt að 0,7 m. Meðfram norðurhlið innri túngarðs utanverðri (norðanverðri) hefur verið byggt hólf. Það er um 60-70 m langt (austur-vestur) en mest um 20 m breitt. Efst (vestast) tengist norðurendi norðurhliðar hólfs hólfið við ytri túngarð 013. Hólfið er opið til norðurs. Það kann að hafa verið einhvers konar aðhald. Þetta hólf er vaxið lyngi og mest um 0,3-0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250c:005 tóft fjárhús 65°47.787N 17°21.106V



Tóftin (SÞ-250c:005). Horft til norðurs.



Aflöng tóft sem líklega hefur verið útihúsasamstæða, er 50-60 m sunnan við bæjarhól 001 og örlítið ofar í túninu. Tóftin er á milli ytri 013 og innri túngarðs 004, nánar tiltekið um 30 m sunnan við innri túngarð en 15-20 m norðan við þann ytri. Leiðin um túnið 006 liggur fast austan við tóftina.

Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna. Útihústóftin og nánasta umhverfi hennar er vaxið lyngi en umhverfis hæðina sem tóftin er á er svolítill grasvöxtur og sker hún því sig nokkuð úr.

Tóftin er 28 X 7-8 m stór og snýr norður suður. Tóftin er ógreinileg á köflum og veggir hennar eru sums staðar ekkert nema þúfur, aflangar og lyngivaxnar. Hleðsluhæð er mest um 0,3 m og hvergi sjást grjóthleðslur. Hún skiptist í fimm hólf og verður hverju þeirra gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Syðst er ferhyrnt hólf (A) , 5 X 4 m að stærð og snýr það norður-suður. Ekkert op er greinilegt á þessu hólfi. Norðan við A er áþekkt hólf, B, sem er um 4 X 4 m að stærð. Op er á það hólf norðarlega á austurvegg en einnig er hugsanlegt að op hafi verið á miðjum vesturvegg. Norðan við B tekur við aflangt hólf, C, 7 X 3-4 m að stærð og snýr það norður-suður. Svo virðist sem garði hafi hugsanlega verið í þessu hólfi endilöngu en merki hans eru óljós. Úr þessu hólfi er op norðarlega á vesturvegg, sem annars vegar virðist hafa verið út og hins vegar hefur verið gengt úr því í fjórða hólfið, D, til norðvesturs. D er mjótt og langt hólf, samtals 6 X 1 m á stærð og ekki er greinanlegur suðurveggur fyrir því. Vesturveggur D heldur áfram í um 4 m til norðurs frá norðvesturhorni tóftarinnar. Þá er aðeins ótalið ógreinilegt hólf E, sem virðist byggt við tóftina utanverða, þ.e. austurútveggur D myndar vesturvegg þess. Lítill veggstúfur sem teygir sig í um 2 m frá norðausturhorni hólfs C myndar svo austurhliðina, eins langt og hún nær. Ekki er greinilegur norðurveggur þessa hólfs.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250c:006 gata leið 65°47.869N 17°21.095V

Götur hafa legið um túnið á Hólkoti endilangt. Stórt op er á ytri túngarði 013 þar sem göturnar liggja úr norðri inn í túnið. Þær liggja svo sem leið liggur til suðurs, á kafla fast ofan við innri túngarðinn (004) en fara ekki, að því sem best fæst séð, í gegnum hann. Göturnar liggja fast neðan við útihústóft 005 og svo út úr túni, í gegnum ytri túngarð þar sem nokkur op eða rof eru á honum ofarlega.

Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna.


Göturnar eru 1-4 samsíða slóðar sem rekja má eftir túninu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250c:007 tóft 65°48.027N 17°21.145V



Tóftirnar (SÞ-250c:007). Horft til suðausturs.



Tvær tóftir, hugsanlega leifar af stekk, eru 350-380 m norðan við bæ 001 og örlítið ofar (vestar í hlíðinni). Tóftirnar er um 70 m sunnan við landamerkjagarð milli Hólkots og Skárastaða (sjá 008).

Tóftirnar eru á e.k. syllu í hlíð Múlaheiðar en hlíðin verður brattari ofan við tóftirnar. Sunnan við syðri tóftina rennur lækur í lækjardragi. Syllan sem tóftirnar eru á, sem og annað umhverfi, er lyngivaxið.

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 41 x 12 m stórt. Þær eru báðar signar og vaxnar lyngi og hvergi sjást grjóthleðslur. Nyrðri tóftin (A) er stærri. Hún er 15 X 12 m stór og snýr norður-suður. Tóftin skiptist upp í þrjú hólf sem hér eru merkt I, II og III. Nyrst er stærsta hólfið I. Það er 7 X 6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op virðist hafa verið bæði á austurvegg hólfsins miðjum og á vesturvegg en reyndar er hann allur ógreinilegur. Eftir hólfinu miðju gengur hryggur og virðist helst sem það gæti verið leifar af garða. Sunnan við hólf I er tvö hólf. Austara hólfið II er stærra eða rúmlega 5 x 3 m að stærð og snýr það austur-vestur. Op er á suðvesturhorni þess. Vestan við hólfið er svo þriðja hólfið III sem er rúmlega 4 X 1 m að stærð og snýr norður-suður. Op er bæði vestarlega á norður- og suðurvegg þess. Um 20 m sunnan við tóft A er önnur tóft B. Hún er einföld og 6 X 4 m að stærð. Op er á miðjum vesturvegg tóftarinnar. Staðsetning tóftanna, fjarlægð frá bæ og lag þeirra bendir til að þarna gætu verið stekkjar- eða beitarhúsarústir á ferð.


Hættumat: engin hætta

SÞ-250c:008 garðlag landamerki 65°48.072N 17°20.983V



Garðurinn (SÞ250c:008) horf til austurs

Mikill og fornlegur garður er á merkjum Hólkots og Skárastaða. Garðlag sem liggur með hlíðinni ofan Hólkots eftir endilangri landareigninni (sjá 011) endar til norðurs í landamerkjagarðinum sem heldur áfram til vesturs, ofar í hlíðina í um 80 m áður en hann verður illrekjanlegur á um 50 m kafla. Þá hefur hann endað í öðrum langgarði (sjá 250b:026) sem hefur verið um 130 m hærra í hlíðinni en sá sem liggur um landi Hólkots. Landamerkjagarðurinn sem hér er skráður liggur niður (til vesturs) frá suðurenda áðurnefnds garðs og hefur sjálfsagt áður legið alla leið að Kálfslæk en hverfur í framræst tún í dalbotni. Hann er um 450 m norðan við bæjarhól Hólkots 001 en um 490 m sunnan við áætlaðar bæjarrústir á Skárastöðum 001.



Garðurinn nær frá heiðarbrúninni og niður (til vesturs) allt þar til framræst tún taka við í dalsbotni og hefur hann sjálfsagt horfið við ræktun þeirra. Garðurinn og umhverfi hans eru víðast lyngi og kjarri vaxin.

Garðurinn er fornlegur, siginn og lyngivaxinn. Hann er ríflega 600 m langur og eru þar af um 480 m neðan langgarðsins í Hólakotslandi (sjá 011). Garðurinn liggur nærri því þráðbeint (austur-vestur). Hann er víða 3-4 m á breidd. Á kafla má greina óljósar dældir beggja vegna við hann. Rof eru í garðinn á nokkrum stöðum. M.a. er garðurinn greinilega rofinn þar sem götur frá Hólkoti (sjá annars 006) liggja í gegnum hann. Svolítið ofar í hliðinni og 10-20 m neðan við annað rof, í svipaðri hæð og túnin í Hólkoti, er þríhyrningslaga hólf á garðinum sem virðist byggt ofan í garðinn. Það er um 8 X 8 m stórt og op er á það í norðausturhorni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta hólf hefur gegnt en það virðist að mestu (eða jafnvel alfarið) lenda Hólkotsmegin við merkin.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Gatan (SÞ-250c:009). Horft til NNV

SÞ-250c:009 gata leið

Í gegnum vesturenda merkjagarðs milli Hólkots og Bjarkarstaða (sjá 250d:013) liggja miklar götur norður-suður í hlíðinni. Líklega eru þessir slóðar gömul leið um dalinn.

Umhverfis er lyngivaxinn mói.

Við merkin er einn slóðanna fremur áberandi og breiður (0,5-1 m breiður) og gæti hann enn verið notaður við smölun. Víðast eru þó nokkrir slóðar samsíða og þá gjarnan grunnir og grónir slóðar. Vel kann að vera að einhverjir slóðar séu greinilegir inn mestalla vestanverðan Þegjandadal á svipuðum slóðum, þ.e. ofarlega á dalnum.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250c:010 varða landamerki
65°47.583N 17°21.384V
Um 20 m ofan við (vestan við) þar sem merkjagarður milli Bjarkarstaða og Hólkots (250d:013) endar til vesturs er steinahrúga, mögulega vörðubrot sem gæti hafa verið landamerki milli bæjanna. Varðan sem er nú reyndar aðeins vörðubrot er á lágum hól sem er ber í hlíðunum en gróinn í toppinn.



Varðan (SÞ-250c:010). Horft til ANA.

Varðan er um 1 X 0,5 m á stærð og snýr norður-suður. Hún er gróin og sigin. Ekki er hægt að fullyrða um í hvaða tilgangi steinar hafa verið settir saman á þennan stað. Hugsanlegt að þeir séu í framhaldi að landamerkjagarði og hafi því upprunalega verið landamerkjavarða en einnig mætti velta upp þeim möguleika hvort hugsanlegt sé að á þessum stað gæti leynst kuml. Til þess gæti staðsetningin bent, en rannsóknir hafa sýnt að kuml eru oft í námunda við landamerki og/eða gamlar götur. Slíkt verður þó vart meira en óábyrgar getgátur.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250c:011 garðlag vörslugarður 65°47.647N 17°21.517V
Mikið garðlag liggur meðfram hlíðinni í landi Hólkots, landamerkja á milli en er þó illgreinanlegt síðustu 170 m að suðurlandamerkjagarði (250d:013) Garðurinn er um 400 m ofan við bæ, í hlíðinni. Hann er nokkuð samfelldur.
Garðurinn liggur í lyngi- og grasivaxinni, aflíðandi hlíð.



Vörslugarðurinn (SÞ250c:011). Horft til suðurs.

Garðurinn er fornlegur, siginn og lyngivaxinn og víðast 3-5 m á breidd en 0,5 m á hæð. Hann hefur án efa upprunalega náð alveg á milli landamerkjagarðanna og þá verið nálega 1 km á lengd. Við suðurmerki virðist garðurinn hafa legið í svolítinn sveig að landamerkjagarði 250d:013 en eins og áður sagði er hann illgreinanlegur síðustu 170 m að merkjum. Hann má hins vegar greina þar norðan við og er því vel merkjanlegur á um 780 m kafla, allt að landamerkjagarði 008. Slóðar liggja ofan á hluta garðsins og í hliðum hans.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250c:012 varða 65°48.064N 17°21.691V
Nokkrir steinar hafa verið settir saman á lítilli hæð við merkjagarð milli Hólkots og Skárastaða (sjá 008). Ber melhóll í vesturhlíð Þegjandadals. Steinaröðin er einföld og gægist upp úr yfirborði hólsins. Hún er um 1 m á lengd en 0,5 m á breidd og snýr NNV-SSA. Steinarnir ná um 5 cm upp úr sverði.Hugsanlega eru þetta leifar alveg hruninnar vörðu sem þá hefur líklega verið á merkjum. Merkjagarðurinn heldur hins vegar áfram ofan við hæðina og því er spurning hvort þörf hafi verið á merkjavörðu á þessum stað. Vel gæti verið að varða hefði gegnt öðru



Varða (SÞ250c:012) horft til NNA.

hlutverki, eða jafnvel að steinarnir hafi aldrei verið í vörðu heldur hafi þeim einfaldlega verið safnað saman á þessum stað í öðrum tilgangi, t.d. settir yfir legstað (kuml). Til þess gæti staðsetningin á merkjum bent en fremur algengt var að setja kuml niður á slíkum stöðum. Ekki er unnt að útiloka að steinarnir hafi verið settir á þennan stað til að merkja legstað nema með uppgreftri.
Hættumat: engin hætta


SÞ-250c:013 garðlag túngarður 65°47.789N 17°20.983V
Umhverfis tún í Hólkoti liggja tveir túngarður og er hér skráður sá ytri (sjá 004 fyrir þann innri). Garðurinn liggur umhverfis túnin í Hólkoti en þýft og lyngivaxið er nú bæði innan hans og utan.
Túnin á Hólkoti eru í aflíðandi halla til austurs. Þau eru að mestu lyngivaxin en svolítill grasgróður hefur skotið rótum í "bæjartóftinni" og á hluta innri vallargarðs og eru þetta líklega þau mannvirki sem hafa verið endurbyggð eftir að býlið fór í eyði. Þar sem túnum í Hólkoti sleppir til austurs tekur við grasigróinn bakki að Kálfalæk. Þetta svæði hefur verið framræst og því er það grösugt ólíkt stærstum hluta Þegjandadals vestanverðs. Skurðir sem grafnir voru til að ræsa svæðið fram ná alveg upp að vesturhlið túna.
Túngarðurinn markar af svæði sem er fremur sporöskjulaga og um 270 X 160-190 m stórt og snýr norður-suður. Garðurinn er víða fremur heillegur þótt hann sé siginn og lyngivaxinn. Eyður eru í hann á nokkrum stöðum, m.a. þar sem götuslóðar (006) liggja í gegnum hann. Stórt skarð hefur verið höggvið í austurhlið garðsins þegar land var ræst fram í botni Þegjandadals. Við þær framkvæmdir hefur stærstur hluti austurhliðar horfið í tún en þó má gróflega ætla legu hans. Túngarðurinn er víðast 1,5-2 m á breidd en 0,3-0,4 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SÞ-250d Bjarkarstaðir

Í máldaga Múlakirkju frá 1318 segir: "Hier fylgia Eynarstader. Jngirijdarstader. skarastader. Biarkarstader. skeydz land. kraumastader. fotaskinn. fiallzland medur aullum valahrijsum." DI II 434-435. Bærnir eru aftur taldir upp í máldögum kirkjunnar frá 1394 (DI III 576-578), 1429 (DI IV, 375), 1431 (DI IV 468) og áfram allt fram til 1525 (DI IX 327-328). Árið 1553 eru hins vegar býlin ekki talin upp með eigum kirkjunnar.

Hér er skráð sú jörð sem er í miðjum Þegjandadal vestanverðum. Jörðin er því þriðji bær talið að norðan og sunnan. Á síðustu öldum hefur þessi bær að jafnaði verið kallaður Björg/Bjarg/Bjargarkot/Bjarkarstaðir og verður því fylgt hér. Upprunalega er líklegt að allt annað heiti hafi verið notað yfir þessa jörð enda virðist þá Bjarkarstaðir jafnvel verið heiti á næsta bæ norðan við þann sem hér er skráður (sjá 250c). Samkvæmt elstu ritheimildum mætti ætla að miðjujörðin hafi snemma á 14. öld (í máldaga Múlakirkju) heitað Skárastaðir en það bæjarnafn er nú notað á ysta eyðibýlinu í vestanverðum dalnum (sjá 250b).

SÞ-250d:001 *Bjarkarstaðir/Bjargarkot/ Björg (Skárastaðir)* bæjarhóll býli 65°47.258N 17°21.141V



Hér er skráð sú jörð sem er í miðjum Þegjandadal vestanverðum. Jörðin er því þriðji bær talið bæði að norðan og sunnan. Á síðustu öldum hefur þessi bær að jafnaði verið kallaður Björg/Bjarg/Bjargarkot/Bjarkarstaðir og verða tóftirnar hér nefndar Bjarkarstaðir í samræmi við hefð. Upprunalega er líklegt að allt annað heiti hafi verið notað yfir þessa jörð enda virðist þá Bjarkarstaðir jafnvel verið heiti á næsta bæ norðan við þann sem hér er skráður (sjá 250c). Samkvæmt elstu ritheimildum mætti ætla að miðjujörðin hafi snemma á 14. öld (í máldaga Múlakirkju) heitið Skárastaðir en það bæjarnafn er nú notað á ysta eyðibýlinu í vestanverðum dalnum (sjá 250b) en af Jarðabók Árna og Páls (í upphafi 18. aldar) mætti helst ætla að þessi bær hefði þá gengið undir nafninu Skeiðakot (en það bæjarheiti telja Árni og Páll upp í miðið í upptalningu sinni á eyðijörðunum fimm í dalnum). Þegar Jarðabókin er rituð í upphafi 18. aldar hafa öll býlin á Þegjandadal verið í eyði um langt skeið og í bókinni segir:"rómast að [allir bæir í Þegjandadal hafi] eyðst í stóru plágunni og aldrei síðan aftur bygst, eru þó sýnileg byggíngarmerki á sjerhvörju þeirra, og sýnist líklegt að þetta sjeu þau 5 býli sem Múlakirkju máldagi um getur, þó nöfnin séu umbreytt. Á þessum stað byggðist síðar upp beitarhús frá Múla: Í örnefnaskrá Múla segir um þennan stað: "Þá er Bjargarkot nokkru norðar og nær Kálfalæk... Nokkru ofar eru Múlahús, beitarhús frá Múla - fallin eftir 1920. Þar má af garðlögum ráða, að býli hefur verið áður. En ekki er nú fullvíst um nafn þess. Milli Bjargarkots og þessara Beitarhúsa er lítið meira en steinsnar, og virðist um eitt býli að ræða, þar sem bæjarhúsin hafa færzt til." Í örnefnaskrá Þegjandadals segir ennfremur: "Næsta eyðikot fyrir sunnan Hólkot [250c] er Björg eða Bjargarkot, öðru nafni, og er kippkorn á milli. Við lækinn, beint niður frá Bjargarkoti, er klettur, og af honum hefur býlið líklega tekið nafn. Lengi hafa verið beitarhús frá Múla á koti þessu, og einnig sjást þar nokkrar rústir af eldri húsum." Samkvæmt Byggðum og búum í Suður-Þingeyjarsýslu stóðu beitarhúsin allt fram yfir 1934. Landareign Bjarkarstaða virðist hafa verið ríflega 900 m stór norður-suður og er hún afmörkuð af landamerkjagarði að norðan (sjá 013) en af vallargarði Ingiríðarstaða að sunnan (sjá 250e:023). Heimalandið virðist víða vera um 400 breitt, frá Kálfalæk og upp að miklum garði 014 sem liggur eftir endilangri landareigninni og nær næstum landamerkja á milli, fast ofan við túnið. Sunnan við túnið virðist reyndar



Bæjarhóllinn (SÞ-250d:001 og 002).Horft til norðausturs

mega greina tvo samsíða garða (sjá 014 og 015) á kafla í átt að Ingiríðarstöðum (250e) en sá efri 015 er mjög ógreinilegur. Túnin á Bjarkarstöðum eru afmörkuð af fornlegum túngarði (003) að vestan, sunnan og norðan en hann er illgreinanlegur að austan. Markar garðurinn svæði sem er um 240 X 210 m stórt. Innan túngarðs eru sjö rústir (001, 002, 004-008 og 016), ein þúst (009) og eitt hólf er að auki byggt við túngarð (003). Þessar rústir eru í bland yngri og eldri mannvistarleifar og eru hinar yngri vaxnar grasi og ræktarlegar á meðan þær eldri eru lyngivaxnar. Beitarhúsin hafa verið byggð efst í túni við bæjarhólinn. Hér verður bæjarhól og ógreinilegum leifum á hólnum sunnanverðum lýst. Önnur tóft, greinilegri er hins vegar nyrst á bæjarhól og var hún skráð sérstaklega (sjá 002).

Bæjarhóllinn er efst í túni, fast neðan við túngarðinn 003. Lækjarspræna rennur fast norðan við hóllinn. Túnin eru í aflíðandi halla til austurs. Ofan túna er stórþýft lyngi en neðan hans er gróðurfar gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxin og sléttari.

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Mulatofter, Holkot, Skeidakot, Biarga kot og Mula Sel kallast nú 5 eyðiból á Þegjandidal vestan framm í Múlastaðar landi, sem rómast að eyðst hafi í stóru plágunni og aldrei síðan aftu bygst, eru þó sýnileg byggíngarmerki á sjerhvörju þeirra, og sýnist líklegt að þetta sjeu þau 5 býli sem Múlakirkju máldagi um getur, þó nöfnin séu umbreytt. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja, því staðurinn má ekki haganna án vera, þar með er heyskapur enginn í þeim löndum, þar með eru túnstæðin flest öll viði vaxin og í reyti komin." Bæjarhóllinn er nokkuð stór eða um 60 X 45 m að stærð. Suðausturhliðin er aflíðandi en aðrar hliðar eru skarpari. Hóllinn fjarar út við túngarð að vestanverðu. Sunnarlega á hólnum er ógreinileg þúst með veggjaleifum á víð og dreif. Þústin er um 22 m í þvermál. Ekki er hægt að sjá neina húsamynd á rústarleifunum enda sina og grasvöxtur mikill á hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Múlatorfa, 7-8; Ö-Þegjandadalur, 2; JÁM XI, 198; BBSÞ, 518 og DI II 434-435

SÞ-250d:002 tóft útihús 65°47.272N 17°21.122V

Greinileg tóft er suðaustast á bæjarhól Bjarkarstaða (sjá annars 001). Tóftin er 5-7 m NNA við ógreinilega þúst á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er efst í túni, fast neðan við túngarðinn 003. Lækjarspræna rennur fast norðan við hólinn. Túnin eru í aflíðandi halla til austurs. Ofan túna er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er grasi- og lyngivaxið í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari.


Tóftin er 15-16 X 12 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í 3-4 hólf sem hér verður hverju fyrir sig gefinn bókstafur til aðgreiningar. Stærsta hólfið, A, snýr norður-suður og er um 8 X 4 m stórt. Til suðurs úr því gengur lítið útskot, B, sem er um 2,5 m á kant en ekki er veggur á milli A og B. Ekkert op er á A/B en suðausturveggur A er mjög ógreinilegur. Vestan við A er lítið hólf, C, sem snýr þvert á það. Það er um 3 X 1,5 m stórt og op er sunnarlega á vesturvegg þess. Norðan við þetta hólf er aflangt hólf, D, sem er 6 X 2-3 m á stærð og snýr norður-suður. Op er á norðausturhorni hólfsins. Bratt er niður af tóftinni frá austur- og norðurvegg hennar. Mikið gras vex í tóftinni og rof er einnig í veggjum hennar á stöku stað. Vegghleðslur eru mest 0,4-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:003 garðlag túngarður 65°47.278N 17°21.175V

Umhverfis túnin á Bjarkarstöðum liggur einfaldur túngarður. Stór hluti austurhliðar túngarðs er illgreinanlegur. Lítið hólf/gerði er sambyggt túngarði að ofan (vestan).

Túnin eru í aflíðandi halla til austurs. Ofan túna er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gróðurfar gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxin og sléttari. Gróðurfar utan og innan túngarðs er svipað þótt eilítið beri meira á grasvexti innantúns en utan.






Túngarðurinn (SÞ-250d:003). Horft til norðvesturs

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 240 X 210 m stórt og snýr austur-vestur. Einna helst mætti segja að svæðið sé fimmhyrnt en óreglulegt er það þó. Garðurinn er lyngivaxinn og siginn, víða um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ytri brún túngarðsins er víða ógreinileg. Gerði sem byggt er við túngarðinn er við túnhorn á miðjum vesturvegg. Það er byggt utan við túngarð (vestan hans). Það er um 35 m norðvestan við bæjarhól 001. Líkt og túngarðurinn er gerðið lyngivaxið. Það er 10 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Gerðið mjókkar til suðurs og er þar aðeins 2 m að innanmáli en 4 m nyrst. Ekki er greinilegt op á gerðinu. Ytri brún þess er fremur óskýr, þá sérstaklega að vestan.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:004 tóft útihús 65°47.220N 17°21.116V





Útihústóftin (SÞ-250d:004). Horft til aursturs

Fornleg tóft er um 60 m SSA við bæjarhól 001. Hún er nálægt suðvesturhorni túngarðs eða um rúmlega 20 m frá bæði vestur og suðurhlið hans.

Tóftin er ofarlega í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Gróðurfar utan og innan túngarðs er svipað þótt eilítið beri meira á grasvexti innantúns en utan. Tóftin og umhverfi hennar er gróin lyngi.

Tóftin er 11 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún virðist tvískipt en þó er veggurinn sem skiptir tóftinni í tvennt afar óskýr, enda stórt op á honum miðjum. Bæði hólfin eru áþekk eða um 3 X 2 m að stærð og snúa norður-suður. Op er á milli hólfa og sömuleiðis hefur verið op norðarlega á austurvegg nyrðra hólfsins. Reyndar er einnig op í norðvesturhorninu en líklega er veggurinn einungis alveg hruninn og siginn á þessum stað. Tóftin er öll mjög sigin og hvergi hærri en 0,2 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Innri brún veggja er mun greinilegri en sú ytri.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:005 tóft útihús 65°47.269N 17°21.070V



Tóftin (SÞ-250d:005). Horft til suðausturs.




Tóft er rúmlega 10 m neðan (austan) við túngarð 003 í jaðri bæjarhóls 001. Á þessum stað eru fjórar tóftir (sjá einnig 006-008) á litlu svæði.

Tóftin er í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Tóftin og nánasta umhverfi hennar er grasivaxið en allt í kring eru lyngivaxnir móar.

Tóftin er 12 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt og er op á milli hólfa en einnig norðarlega á austurvegg nyrðra hólfsins. Syðra hólfið er tæplega 4 m á lengd en rúmlega 2 m á breidd en það nyrðra er svolítið styttra (eða tæplega 3 m langt) en svipað á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er sigin og mest 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:006 tóft útihús 65°47.273N 17°21.060V



Tóft er rúmlega 20 m neðan (austan) við túngarð 003 í jaðri bæjarhóls 001 og 3-4 m neðan (austan) við tóft 005. Á þessum stað eru fjórar tóftir (sjá einnig 006-008) á litlu svæði.

Tóftin er í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxin og sléttari. Tóftin og nánasta umhverfi hennar er grasivaxið en allt í kring eru lyngivaxnir móar.

Tóftin er 5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og op er sunnarlega á vesturvegg hennar. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni enda er hún fremur sigin (veggir mest 0,3 m á hæð) þó að veggir séu vel greinilegir.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:007 tóft útihús 65°47.261N 17°21.049V





Stefán Ólafsson skráir útihústóft (SÞ-250d:007). Horft til austurs.


Tóft er um 20 m neðan (austan) við túngarð 003 sem er í jaðri bæjarhóls 001 og 15 m SSA við tóft 006.
Tóftin er í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið en neðan hans gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Tóftin er lyngivaxin.

Tóftin er 11 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt. Syðra hólfið er 3 X 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á suðurvegg þess nyrst en austurveggur þess er alveg ógreinilegur. Nyrðra hólfið er 4 X 3 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Ekkert op er greinilegt á því en eins og í syðra hólfinu er ekki lengur hægt að greina austurvegg. Ekki er greinilegt op á mili hólfa. Engar grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni sem er sigin og lyngivaxin og mest 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:008 gerði 65°47.254N 17°21.084V



Gerði (SÞ-250d:008). Horft til norðausturs.



Um 10 m neðan (austan) við túngarð 003 sem er í jaðri bæjarhóls 001 er gerði. Gerðið er á milli bæjarhóls og siginnar tóftar 007 austar.

Gerðið er í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði? en neðan hans er gróðurfar gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Gerðið er grasi vaxið en afar sigið og ógreinilegt. Umhverfis eru lyngivaxnir móar.
Gerðið er 13 X 7 m á stærð og snýr það norður-suður. Það er ferhyrnt og einfalt. Ekki er greinilegt op á því. Norðurhlið gerðisins er vaxin lyngi en aðrir veggir grasi. Vesturhlið gerðisins er ógreinileg og innri brún austur- og suðurveggjar er einnig fremur óljós.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:009 þúst útihús 65°47.225N 17°21.140V

Um 2 m austan við vesturhlið túngarðs 003 er greinileg þúst eða rústahóll. Hann er 5-10 m sunnan við rætur bæjarhóls 001 en um 15 m NNV við rúst 004.

Rústahæðin er efst í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Efsti (vestasti) hluti hæðarinnar er gróinn lyngi en annars er hóllinn grasi vaxinn. Umhverfis eru lyngivaxnir móar.



Þústin (SÞ-250d:009) er afmörkuð með rauðri línu. Horft til norðausturs.

Hæðin er um 22 X 16 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 1, 5 m á hæð. Engar rústir eru greinilegar á yfirborði en lag hólsins og gróðurfar bendir til að þar kunni mannvistarleifar að leynast undir sverði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:010 garðlag

Garðlag liggur norður-suður í rótum bæjarhóls 001. Garðlagið hefst skammt (um 10 m) sunnan við bæjarhól og liggur svo í brekkurótum 70-80 m til norðurs en endar 5-10 m norðan við hólinn.

Bæjarhóllinn er efst í túni, fast neðan við túngarðinn 003. Lækjarspræna rennur fast norðan við hólinn. Túnin eru í aflíðandi halla til austurs. Ofan túna er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gróðurfar gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxin og sléttari.

Garðlagið liggur næstum beint til norðurs í um 80 m þótt smá hlykkir séu á því hér og þar. Garðlagið er gróið en hvorki hátt né breitt. Það er mest tæpur 1 m á breidd en 0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í því. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:011 garðlag 65°47.482N 17°21.088V


Afar óljóst gerði eða hólf er um 200 m sunnan við merkjagarð milli Bjarkarstaða og Hólkots 013 og rúmlega 200 m norðan við norðurhlið túngarðs um Bjarkarstaði 003. Hólfið er fast neðan við garðlag sem liggur langsum eftir allri landareign Bjarkarstaða milli merkjagarða (sjá 014). Engar tóftir eru greinilegar innan gerðisins.

Gerðið og allt umhverfi þess er lyngivaxið og þýft. Það er í aflíðandi halla til austurs.

Stórir hlutar gerðisins eru nú alveg signir og hlaupnir í þúfur og í raun er afar erfitt að greina útlínur þess. Það virðist þó hafa verið ferhyrnt og líklega um 100 X 90 m stórt. Eins og áður kom fram eru engar tóftir greinilegar innan gerðisins en ekki er útilokað að slík ummerki gætu einfaldlega verið hlaupin í þúfur. Af garðlaginu er suðurgarðurinn einna greinilegastur þar sem hann gengur frá garði 014 og í um 50 m til austurs áður en hann fjarar út en hann hefur legið í um 50 m til viðbótar áður en hann beygði til norðurs. Austurhlið gerðisins er að mestu leyti illgreinanleg en þó eru nyrstu 15 m greinilegir áður en garðlagið beygir til vesturs. Austustu 50 m af norðurhliðinni eru greinilegir. Afar erfitt er að rekja garðinn af jörðu niðri. Hafi aldrei verið neinar þústir innan gerðisins er e.t.v. líklegast að það hafi verið e.k. nátthagi.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:012 tóft heystæði 65°47.569N 17°21.120V



Ógreinileg þúst, hugsanlega af heystæði, er ofarlega í hlíð Múlaheiðar um 50 m sunnan við landamerkjagarð á norðurmerkjum 013. Tóftin er um 30 m norðvestan við raflínustaur.

Tóftin er í lyngiöxnu þýflendi en vestan við hana er sléttur grasbali. Tóftin er 5 X 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og op er austast á suðurvegg hennar. Tóftin er 0,4 m há og er lyngivaxin. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en grasbalar eru hér og þar í kringum tóftina og má vera að hún sé af heystæði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:013 garðlag landamerki 65°47.588N 17°21.169V
Um 100 m norðan við þar sem garðlag, sem liggur í hlíðinni ofan við Bjarkarstaði, endar snögglega (sjá 014) er landamerkjagarður milli Bjarkarstaða og Hólkots. Hugsanlegt er að langgarðurinn 014 hafi átt að liggja alla leið að landamerkjagarði og koma á á hann miðjan eða jafnvel neðst (austast). Landamerkjagarðurinn er um 100 m norðan við raflínustæði. Garðurinn er um 440 m sunnan við Hólkot 250c:001 en rúmlega 600 m norðan við Bjarkarstaði 001.



Stefán Ólafsson skrásetjari gengur eftir landamerkjagarðinum (SÞ-250d:013). Horft til austurs.

Garðurinn liggur austur-vestur í lyngivaxinni hlíð sem hallar til austurs. Garðurinn er siginn og fornlegur. Hann er lyngivaxinn og víða 4-5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er samtals um 140 m langur en fjarar út til beggja enda. Vesturhluti hans er greinilegri en austurhlutinn. Garðurinn hefur án efa upphaflega náð alla leið að Kálfslæk en ólíklegt er hins vegar að hann hafi náð lengra til vesturs. Fremur er líklegt að hann hafi beygt til norðurs um það leyti sem hann verður ógreinilegur. Þar er slóði í hlíðinni sem liggur til norðurs og um 150 m norðvestar er hægt að greina óljóst garðlag við slóðann sem liggur til norðurs (sjá 250c:011).
Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:014 garðlag vörslugarður 65°47.534N 17°21.191V
Mikill garður liggur meðfram hlíðinni ofan við bæ í stærstum hluta landareignar Bjarkarstaða. Garðurinn hefur líklega verið e.k. vörslugarður og liggur hann alla leið frá túngarði Ingiríðarstaða (sjá 250e:023). Sunnan við túnið virðist reyndar mega greina tvo samsíða garða (sjá einnig 015) á kafla í átt að Ingiríðarstöðum (250e) en sá efri 015 er mjög ógreinilegur. Það garðlag sem hér er skráð er hins vegar greinilegt til norðurs þar til um 150 m eru að merkjagarði að norðan (sjá 013) þar sem það endar mjög snögglega við lítið lækjardrag. Norðurendi garðsins er um 50 m norðan við þar sem raflína gengur upp yfir Múlaheiði.



Stefán Ólafsson við norðurenda garðlagsins (SÞ-250d:014). Horft til norðurs.

Garðurinn er í grasi- og lyngivaxinni hlíð sem er í aflíðandi halla til austurs. Sjálfur er garðurinn vaxinn lyngi.
Garðurinn er um 850 m langur og er víða 4-5 m á breidd. Hann liggur norður-suður. Rétt áður en hann kemur norður að túngarði Bjarkarstaða 003 þá beygir hann um 10 m niður og kemur þannig á túngarðinn. Hann heldur svo áfram í sömu stefnu þegar túngarði sleppir til norðurs. Garðurinn er lyngi vaxinn og víða ógreinilegur, enda eru götur meðfram honum og á honum. Austurbrún garðsins er greinilegri en vesturbrúnin sem fellur saman við brekkuna fyrir ofan. Norðurendi endar snögglega við

lækjardrag og norðan þess er ekkert framhald hægt að greina.
Hættumat: engin hætta


SÞ-250d:015 garðlag vörslugarður 65°47.096N 17°21.340V
Afar óljós ummerki, líklega um vörslugarð, virðist hægt að greina frá norðvesturhorni túngarðs Ingiríðarstaða SÞ250e:023 og til norðurs langleiðina að túngarði Bjarkarstaða (sjá 003). Þessi garður hefur þá legið samsíða 014 og aðeins verið um 40 m á milli.
Garðurinn er í grasi- og lyngivaxinni hlíð sem er í aflíðandi halla til austurs. Sjálfur er garðurinn vaxinn lyngi.

Garðurinn er afar óljós, enda slóðar og rof á þessum slóðum. Ekki er útilokað að hann kunni að vera sambland af náttúrusmíði og átroðningi en þó minnir hann talsvert á illa farinn og útflattan garð og er því skráður sem slíkur. Garðurinn er allt að 5-7 m á breidd en 230 m á lengd. Hann er orðinn alveg ógreinilegur áður en komið er að túngarði Bjarkarstaða en gæti allteins hafa sameinast 014 um þetta leyti. Í raun mætti kannski segja að eftir að 014 og 015 sameinast mætti telja garðinn sem liggur áfram eðlilegra framhald 015 en 014 en framhaldið er hér skráð með síðarnefnda garðinum.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250d:016 tóft útihús 65°47.290N 17°21.122V
Tóft er um 25 m norðan við bæjarhól 001 og rennur lækjarspræna á milli. Tóftin er um 15 m neðan (austan) við túngarð 003. Tóftin er ofarlega í túni sem er í aflíðandi halla til austurs. Ofan túns er stórþýft lyngivaxið svæði en neðan hans er gras og lyng í bland, en fremur þýft. Neðsti hluti túna, frá Kálfslæk er hins vegar grasi vaxinn og sléttari. Tóftin sjálf og nánasta umhverfi hennar er á kafi í grasi.



Tóftin (SÞ250d:016). Horft til suðvesturs.




Tóftin er 15 X 10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í fjögur hólf og verður hverju þeirra hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóftin er mjög sigin og hleðslur hvergi hærri en 0,2 m. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og hvergi er nú greinilegt á henni op. Nyrsta hólf tóftarinnar, A, er þeirra stærst eða 5 X 4 m á stærð og snýr austur-vestur. Sunnan við það er mjótt og langt hólf, B, sem einnig snýr austur-vestur og er 2 X 6 m að stærð. Þar norðan við tekur svo við tvískipt hólf, annars vegar er lítið hólf, C, vestar og er það um 3 m á kant en hins vegar er svolítið stærra hólf, D, austar og er það 4 X 3 m að stærð. Veggurinn milli C og D er afar óljós. Syðsti hluti tóftarinnar er reyndar allur fremur óljós. Tóftin er líklega af útihúsi.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250e Ingiríðarstaðir

Í máldaga Múlakirkju frá 1318 segir: "Hier fylgia Eynarstader. Jngirijdarstader. skarastader. Biarkarstader. skeydz land. kraumastader. fotaskinn. fiallzland medur aullum valahrijsum." DI II 434-435. Bæirnir eru aftur taldir upp í máldögum kirkjunnar frá 1394 (DI III 576-578), 1429 (DI IV, 375), 1431 (DI IV 468) og áfram allt fram til 1525 (DI IX 327-328). Árið 1553 eru hins vegar býlin ekki talin upp með eigum kirkjunnar.
Hér er skráð næst innsta jörðin í vestanverðum Þegjandadal. Samkvæmt Máldaga Múlakirkju frá upphafi 14. aldar hefur þessi jörð þá verið nefnd Ingiríðarstaðir og hefur það heiti haldist nokkuð.

SÞ-250e:001 *Ingiríðarstaðir* bæjarhóll býli 65°46.949N 17°21.223V



Hér er skráð næst innsta jörðin í vestanverðum Þegjandadal. Samkvæmt máldaga Múlakirkju frá upphafi 14. aldar hefur þessi jörð þá verið nefnd Ingiríðarstaðir og hefur það heiti haldist nokkuð. Í örnefnaskrá Múla segir t.d.: "Norðan við Einarsstaðakrók eru mikil garðlög og grónar tóftir, sem munu vera hið forna býli Ingiríðarstaðir. Þar eru margar girðingar, allstór hólf, sem ekki er vitað, hvað hefur verið; akrar sumir halda." Reyndar virðist sem höfundi örnefnaskrár Þegjandadals (Friðrik Jónsson bóndi á Helgustöðum í Reykjadal 1936) hafi yfirsést bærinn í lýsingu sinni af Þegjandadal, eða kannski öllu réttara að hann telji Einarsstaði og Ingiríðarstaði eina og sömu jörðina, sem þá hafi heitið Einarsstaðir. Ekki er ólíklegt að lýsing hans á Einarsstöðum eigi í raun við Ingiríðarstaði og hann hafi hreinlega ekki farið innar á dalinn. Í örnefnaskrá Múla eru tóftirnar hins vegar nefndar Ingiríðarstaðir. Í Jarðabók Árna og Páls (í upphafi 18. aldar) telja þeir félagar upp 5 eyðibýli á vestanverðum dalnum og af þeirri upptalningu að dæma mætti helst giska á að Ingiríðarstaðir hefðu þá gengið undir heitinu Bjarkarstaðir. Upptalningin ein og sér segir þó lítið þannig að ekkert verður um þetta fullyrt. Landareign Ingiríðarstaða er um 600 m norður-suður og markast af túngarði bæjarins 023 að norðan en landamerkjagarði 032 að sunnan. Heimahagarnir eru einnig afmarkaðir að vestan af langgarði 03 og er landsvæðið um 500 m á breidd. Túnin á Ingiríðarstöðum eru afmörkuð af fornlegum túngarði (023) á allar hliðar þó að austurhliðin sé nú að hluta illgreinileg. Aðaltúnið er um 400 X 320 m stórt og snýr norður-suður en fast neðan (austan) við það er annað þríhyrningslaga hólf sem hefur líklega verið um 160 m á hlið þótt stór hluti sé siginn og illa farinn. Að vestan, sunnan og norðan en hann er illgreinanlegur að austan. Efst í túninu eru mikil garðlög byggð upp við túngarðinn



Bæjarhóllinn (SÞ-250e:001). Horft til suðausturs.

(022) en auk þeirra eru 20 rústir innan túns (sjá 001-017 og 020-021). Miklar götur (019) liggja einnig í gegnum mitt túnið. Tveir rústahólar í túninu koma til greina sem bæjarhólar, en sá sem hér er skráður er í sömu hæð og meint bænhús 002, örskammt frá (hinn hóllinn er skráður undir númerinu 024). Bæjarhóllinn er um 65 m austan við gerði 022.


Bæjarhóllinn er fremur ofarlega í túninu. Hóllinn og tóftirnar á honum (sjá líka fornleif 003-006) eru á kafi í grasi og skera sig því verulegu frá öðrum tóftum á Ingríðarstöðum sem flestar eru lyngivaxnar. Bendir gróðurfar til þess að á hólnum hafi verið byggt eftir að bærinn fór í eyði og er líklegt að þar hafi verið sel eða beitarhús. Tún er í aflíðandi halla til austurs og eru þau þýfð og lyngivaxin.

Bæjarhóllinn er ræktarlegur og grasivaxinn. Hann er um 26 X 24 m að stærð og snýr norður-suður. Frá hóltoppi og niður á jafnsléttu eru mest 1,5-2 m en hóllinn er þó víða um 1 m á hæð. Á bæjarhólnum eru tvær tóftir (003 og 004) auk þeirrar sem hér er skráð og að auki á tveimur stöðum leifar af garðlagi (sjá 005 og 006). Ekkert af þeim leifum sem nú sjást á yfirborði bæjarhóls eru líklegar bæjartóftir en og flestar eru þær líklega frá síðara byggingarskeiði. Eina undantekningin frá þessu er 004. Sú tóft sem hér er skráð er stæðilegasta tóftin á bæjarhólnum. Hún er efst (vestast) á bæjarhólnum, á háhólnum. Hún er 11 X 5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er með opi á miðjum austurvegg. Hæð hleðslna er mest 0,3 m og hvergi sést í grjót.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Múlatorfa, 7, Ö-Þegjandadalur, 2, JÁM XI, 198 og DI II 434-435

SÞ-250e:002 tóft+garðlag bænhús 65°46.968N 17°21.235V



Á myndinni má óljóst sjá móta fyrir meintri kirkjutóft í hringlaga gerði. Horft til norðausturs.



Um 20 m norðan við efri hluta bæjarhóls 001, í sömu hæð, er hringlaga gerði með lítill tóft í miðju. Lag þessara mannvirkja bendir helst til að þar kunni að leynast bænhús. Rústirnar eru fremur ofarlega í túninu sem er í aflíðandi halla til austurs. Túnin og rústirnar eru þýfð og lyngivaxin.

Hinn meinti kirkjugarður er alveg hringlaga og um 15 m í þvermál. Ekki er hægt að sjá skýrt op á honum en þó er dæld í hann á miðjum austurvegg. Op er hins vegar á tóftinni sjálfri á miðjum vesturvegg. Innri brún kirkjugarðsins er máð og óskýr en sú ytri er skýrari og frá henni eru um 0,3 m niður á jafnsléttu. Tóftin er í gerðinu miðju og er hún um 5 X 5-5,5 m stór (austur-vesturhlið er örlítið lengri). Op er, eins og áður segir, á miðri vesturhlið en í tóftinni miðri er þúfa sem hugsanlega eru leifar af vegg sem hefur skipt tóftinni í tvö hólf. Tóftin er mest um 0,3 m á hæð en engar grjóthleðslur sjást í henni.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:003 tóft útihús 65°46.949N 17°21.215V

Einföld, aflöng tóft er á bæjarhól Ingiríðarstaða 001 um 3 m neðan við tóftina sem skráð er undir 001 en um 7 m norðan við 004. Tóftin er á háhólnum. Bæjarhóllinn er um 65 m austan við Akurgerði 022. Bæjarhóllinn er fremur ofarlega í túninu. Hóllinn og tóftirnar á honum (sjá líka fornleif 001 og 004-006) eru á kafi í grasi og skera sig því verulegu frá öðrum tóftum á Ingríðarstöðum sem flestar eru lyngivaxnar. Bendir gróðurfar til þess að á hólnum hafi verið byggt eftir að bærinn fór í eyði og er líklegt að þar hafi verið sel eða beitarhús. Tún er í aflíðandi halla til austurs og eru þýft og lyngivaxið.

Bæjarhóllinn er ræktarlegur og grasivaxinn. Sú tóft sem hér er skráð einföld, 5 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er á kafi í grasi. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Veggur eru mest 0,3 m á hæð og hvergi sést í grjót í þeim.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:004 tóft útihús 65°46.944N 17°21.213V

Bæjarhóll Ingiríðarstaða er um 65 m austan við Akurgerði 022. Einföld hringlaga tóft er á hólnum 7-8 m SSA við

003. Dálítil dæld er á milli tóftanna. Bæjarhóllinn er fremur ofarlega í túninu. Hóllinn og rústirnar á honum (sjá líka fornleif 001 og 003, 005-006) eru allar, nema sú sem hér er skráð, á kafi í grasi. Sú tóft sem hér er skráð er hins vegar lyngivaxin líkt og flestar aðrar tóftir á Ingríðarstöðum.Tún er í aflíðandi halla til austurs og eru þau þýfð og lyngivaxin.

Bæjarhóllinn er ræktarlegur og grasivaxinn. Sú tóft sem hér er skráð er einföld og hringlaga. Hún er um 6 m í þvermál og rof eða op eru á veggjunum suðaustarlega og suðvestarlega. Veggir eru breiðir en mest um 0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinilegar.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:005 garðlag 65°46.949N 17°21.206V

Bæjarhóll Ingiríðarstaða er um 65 m austan við Akurgerði 022. Óljóst garðlag er austast í hólnum um 5 m austan við tóft 003.

Bæjarhóllinn er fremur ofarlega í túninu.Tún er í aflíðandi halla til austurs og, þýft og lyngivaxið.

Bæjarhóllinn er ræktarlegur og grasivaxinn. Garðlagið er 6-7 m langt en 1,5 m á breidd. Garðlagið snýr norður-suður. Ekki er ljóst hvort það hefur áður náð lengra. Garðlagið er grasi gróið og er um 0,4 m á hæð. .

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:006 garðlag 65°46.945N 17°21.223V


Bæjarhóll Ingiríðarstaða er um 65 m austan við Akurgerði 022. Óljóst garðlag suðvestast á hólnum um 3-4 m sunnan við tóft 001.

Bæjarhóllinn er fremur ofarlega í túninu. Tún er í aflíðandi halla til austurs og eru þau þýfð og lyngivaxin.

Bæjarhóllinn er ræktarlegur og grasivaxinn. Hér er skráð garðlag suðvestast á bæjarhól. Það er um 6 m langt en rúmlega 1 m á breidd. Garðlagið snýr austur-vestur. Ekki er ljóst hvort það hefur áður náð lengra en það er á háhæð bæjarhólsins líkt og 001. Garðlagið er grasi gróið og er um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:007 tóft útihús 65°46.967N 17°21.297V





Útihústóft (SÞ-250e:007). Horft til suðausturs.

Rúmlega 20 m neðan (austan) við norðurenda Akurgerðis 022 á Ingiríðarstöðum er tvískipt tóft. Hún er tæplega 50 m beint ofan (vestan) við bænhús 002 en um 60 m norðaustan við bæjarhól 001.

Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Tóftin er vaxin lyngi og grasi í bland.

Tóftin er sigin og fornleg. Hún er 16-17 X 6 m að stærð, snýr norður-suður og virðist tvískipt. Ytri brún veggja er fremur skýr, sérstaklega að vestan en innri skipan tóftarinnar er óljósari. Þó virðist nyrðra hólfið mun stærra eða um 8-9 m að lengd en tæpir 4 m á breidd en það syðra er ógreinilegra, það virðist standa hærra og vera 1,5-2 m á kant. Ekkert op er á milli hólfa og ekki er greinileg op á tóftinni. Dæld á útvegg í norðausturhorni stærra hólfsins bendir þó til að þar kunni að hafa verið op. Vegghleðslur eru alveg hrundar og signar, mest 0,5 m á hæð (frá ytri brún og á jafnsléttu). Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er að mestu lyngivaxin þótt einstaka grastoppar vaxi nú á veggjum hennar.

Hættumat: engin hætta


SÞ-250e:008 tóft útihús 65°46.988N 17°21.288V


Stæðileg tóft, líklega af útihúsi, er um 17 m neðan (austan) við túngarð 023 og um 25 m norðan við tóft 007. Tóftin er um 50 m norðvestan við bænhústóft 002 en um 80 m norðvestan við bæjarhól 001.

Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Tóftin er vaxin lyngi og grasi í bland.

Tóftin er 16 X 10 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í 3-4 hólf, eitt að baki (vestan) og 2-3 að framan (austan). Í lýsingu verða hólfunum gefnir bókstafir til aðgreiningar. Aftara hólfið, A, er minnst eða 2 X 1,5 m að stærð og snýr það norður-suður. Vestar eru 2-3 hólf. Syðst er hólf B sem er um 4 m á kant og er op á norðausturhorni þess. Norðurveggur hólfsins er hins vegar mjög óljós en hann virðist marka lítið miðjuhólf, C, sem snýr austur-vestur og er um 5 X 2-3 m á stærð. Hólfið virðist alveg opið til austurs og virðist í sjálfu sér frekar e.k. útskot (heystæði?) en vel afmarkað hólf. Norðan þess er svo greinilegt hólf, D, sem er 4 X 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á því vestast á suðurvegg, inn í hólf C. Fyrir framan (austan) tóftina er lítil slétta eða hlað sem er grasi gróið. Annars er tóftin að mestu gróin lyngi.

Hættumat: engin hætta






SÞ-250e:009 tóft útihús 65°47.027N 17°21.248V

Einöld tóft er ofarlega í túni 10-15 m NNV við aðra einfalda tóft 010 og 15 m austan við vesturhlið innra túngarðs/akurgerða 022. Tóftin er tæpum 150 m NNV við bæjarhól 001.



Útihústóftin (SÞ-250e:009) horft til austurs




Ofarlega í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Tóftin er á lágri hæð sem er um 20 X 14 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hæðin er líklega, a.m.k. að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar.

Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Hún er 9 X 5 m að stærð en ekki er greinilegt op á henni. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð. Tóftin er öll vaxin lyngi. Norðaustast á hæðinni sem tóftin er á er dæld eða hvompa, 4-5 X 1 m að stærð og er ekki ólíklegt að hún sé mannaverk þótt nú sé erfitt að geta sér til um tilgang hennar.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:010 þúst útihús 65°47.018N 17°21.237V





Útihúsþúst (SÞ-250e:010). Horft til suðausturs.


Einföld, ferhyrningslaga þúst er ofarlega í túni, um 30 m neðan (austan) við innri túngarð/akurgerði 022 og 10-15 m SSA við tóft 009. Þústin er tæplega 130 m norðan við bæjarhól 001.

Ofarlega í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem er í aflíðandi halla til austurs. Þústin er á lágri hæð sem er um 16 X 13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæðin er líklega a.m.k. að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar. Á milli þessarar hæðar og þeirrar hæðar sem 009 er á er grunn dæld.

Þústin er afar ógreinileg og á er að miklu leyti hlaupin í þúfur. Hún er um 11 X 6-7 m að stærð og snýr norður-suður. Dokk er í miðri þústinni en innri brún veggja er alveg ógreinileg. Í umræddri dokk vex svolítið gras en að öðru leyti er tóftin alveg lyngivaxin. Hægt er að sjá móta fyrir ytri brún veggja að norðan, sunnan og vestan. Þústin er lyngi vaxin. Hæðin sem þústin er á teygir sig talsvert til austurs en ekki er hægt að sjá dældir eða þústir á því svæði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:011 tóft útihús 65°47.058N 17°21.242V





Tóftin (SÞ-250e:011). Horft til norðausturs


Einföld tóft er ofarlega í túni, nálægt því þar sem vesturhlið innri túngarðs enda við norðurhlið þess ytri. Tóftin er 10-15 m m neðan (austan) við innri túngarð/akurgerði 022 en rúmlega 50 m sunnan við norðurhlið þess ytri 023. Hún er um 50 m NNA við tóft 009 en um 200 m norðan við bæjarhól 001.

Ofarlega í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Þústin er á lágri hæð sem er 10 X 12 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin og hæðin eru lyngivaxin.

Tóftin er 9-10 X 5 m að stærð og snýr norður suður. Hún er einföld en op er á norðvesturhorni hennar. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,5 m á hæð en þeir eru mjög hrundir og þá sérstaklega suðurveggur sem virðist að stærstum hluta hafa hrunið inn í tóftina þar sem mikið kargaþýfi er nú. Austan við tóftina, í jaðri hæðarinnar er lítil dæld um 3 m á lengd en 0,5 m á breidd sem gengur NNA-SSV inn í hæðina. Líklega eru þetta mannaverk.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:012 þúst útihús 65°47.048N 17°21.230V




Einföld þúst er um 25 m NNA af tóft 009 en um 15 m SSA við tóft 011. Þústin er nær alveg hlaupin í þúfur. Móinn í heimatúni Ingiríðarstaða er á köflum mjög stórþýfður og því er víða erfitt að greina náttúrumyndanir frá óljósum þústum. Sú rúst sem hér er skráð gæti mögulega verið náttúruleg en er með fremur reglulegar brúnir og er því skráð sem þúst.

Þústin er um 8 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún sker sig lítið frá móunum í kring, lyngivaxin og stórþýfð. Hún virðist hafa verið einföld og ekki er greinilegt op á henni. Hæð veggja er um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:013 tóft útihús 65°47.074N 17°21.085V


Einföld tóft er um 50 m sunnan við norðurvegg túngarðs á Ingiríðarstöðum (023). Hún er um 250 m NNA við bæjarhól 001, norðarlega í miðju túni. Túnið umhverfis er lyngivaxið og þýft, í aflíðandi halla til austurs. Þústin er á lágri hæð sem er um 13 X 13 m að stærð . Hæðin er líklega, a.m.k. að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar. Tóftin og hæðin öll eru að mestu vaxnar lyngi en þó leynist þar örlítill grasvöxtur.



Tóftin er 10-12 X 5-6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld en líklega hefur op verið á norðausturhorni hennar. Innri brún veggja er greinilegri en sú ytri. Veggir eru mest 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin er vestast á hæðinni þannig að hún nær í um 5 m lengra til austurs en tóftin. Vesturhlið tóftarinnar er mjög útflött og eru vestur- og norðurveggir breiðari og ógreinilegri en austur- og suðurveggur.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:014 þúst útihús 65°47.051N 17°21.092V




Fremur stór og ræktarlegur hóll er norðarlega í miðju túni Ingiríðarstaða. Á hólnum suðvestarlega er tóft. Hóllinn er um 210 m NNA við bæjarhól 001. Hólrætur eru um 15 m sunnan við tóft 013. Tóftin er norðarlega fyrir miðju túni. Túnið umhverfis er lyngivaxið og þýft, í aflíðandi halla til austurs. Hóllinn sem tóftin er á er ræktarlegur og án efa reynast þar mannvistarleifar undir sverði. Á honum er þó bara greinileg ein tóft. Sjálfur hóllinn er um 35 m í þvermál en 1 m á hæð.

Aflöng tóft er vestarlega á hólnum. Slóðar 018 ganga yfir hólinn fast vestan við tóftina. Tóftin er er um 16 X 8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin virðist í fyrstu sýn einföld en vel er mögulegt að henni hafi verið skipt upp í tvö hólf með millivegg (þá með opi í miðju hans) sunnarlega í tóftinni. Ekki er hægt að greina op á tóftinni. Hún er mjög þýfð og á kafi í lyngi og grasi. Langveggir tóftarinnar, og þó sérílagi sá vestari virðist örlítið bogadreginn.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:015 tóft útihús 65°46.965N 17°21.192V






Útihústóftin (SÞ-250e:015). Horft til norðurs.

Um 8 m norðan við austurhlið bæjarhóls 001 er grasi gróin tóft. Hún er um 20 m beint neðan (austan) við bænhúsið 002. Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Tóftin er ein af örfáum tóftum í túninu þar sem grasvöxtur er afgerandi. Vel má hugsa sér að hún hafi verið notuð eftir að bærinn fór í eyði.

Tóftin er 12 X 9 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er tvískipt, sunnar er hólf sem er um 4 m á kant en norðar aðeins stærra hólf eða 5 X 3 m. Ekki er greinilegt op á milli hólfanna en op er í norðausturhorni þess nyrðra. Syðra hólfið virðist að hluta niðurgrafið. Innan þess er stórþýft. Hæð veggja er mest 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:016 tóft útihús 65°46.963N 17°21.115V





Útihústóftin (SÞ-250e:016). Horft til suðurs.

Sigin tóft, líklega tvískipt, er 30-40 m beint neðan (austan) við tóft 015. Tóftin er um 70 m ANA við bæjarhól 001 en fast sunnan við hólrætur 024. Tóftin er neðst í þeim hluta túnsins sem er stórþýfður og lyngivaxinn. Neðar tekur við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs.

Tóftin er sigin og fornleg og snýr norður-suður. Hún hefur líklega skipst í tvö hólf en nyrðra og stærra hólfið er mun greinilegra. Það er 13 X 10 m að utanmáli og op er á því á miðjum norðurvegg. Sunnan við þetta hólf er afar ógreinileg þúst, 6 X 5 m að stærð sem líklega hefur verið sambyggt stóru rústinni. Veggir tóftarinnar eru signir og breiðir, víða allt að 2 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Sjálf er tóftin vaxin lyngi en inni nyrðra hólfinu vex gras í botni.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:017 þúst útihús 65°47.008N 17°21.118V

Rústalegur hóll er neðarlega í túninu á Ingiríðarstöðum. Hann er 30-40 m norðan við tóft 016 en um 130 m norðaustan við bæjarhól 001. Hóllinn er neðarlega í þeim hluta túnsins sem er stórþýfður og lyngivaxinn. Neðar tekur við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs.

Hóllinn er um 20 X 7-8 m stór og snýr NNA-SSV. Hann er um 1 m á hæð. Hóllinn er alveg flatur í toppinn en allar hlíðar hans, nema vesturhlið eru brattar og skýrar. Þótt ekkert mannvirki sjáist nú á yfirborði verður að teljast afar líklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði enda sker hóllinn sig frá umhverfinu og er ræktarlegur. Götur 018 liggja bæði fast austan og fast vestan við hólinn þótt þær fyrrnefndu séu meira áberandi.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:018 gata leið 65°47.017N 17°21.107V



Göturnar (SÞ-250e:018). Horft til suðurs.


Götur liggja í gegnum túnin á Ingiríðarstöðum. Að norðan liggja þær inn gegnum túngarðinn 023 á tveimur stöðum og liggja svo nálega um mitt tún til suðurs, greinast reyndar í nokkra slóða en sameinast að mestu áður en þær liggja svo út um suðurhlið túngarðsins um mitt tún.

Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem er í aflíðandi halla til austurs. Neðarlega í túninu tekur við við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs.

Nokkrir götupáldrar samsíða. Þeir eru víðast skýrir.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:019 þúst útihús 65°46.913N 17°21.279V




Óljós þúst er suðvestarlega í túni, eða 20-30 m neðan við suðurhlið Akurgarða 022 og tæpum 70 m norðan við suðurhlið túngarðs 023. Þústin er um 90 m SSA við bæjarhól 001. Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Neðarlega í túninu tekur við við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs.

Erfitt er að sjá nokkurt lag á þústinni en hér verður þó gerð tilraun til að lesa úr þúfnaröðunum. Svo virðist sem rústin kunni að hafa verið 13 X 8 m stór og að hún hafi snúið norður-suður. Með góðum vilja mætti geta sér til um að hún hafi skipst í tvö hólf og það syðra hafi verið stærra og snúið norður-suður. Veggir eru alveg hlaupnir í þúfur og skera sig lítið úr umhverfinu sem er þýft og lyngivaxið.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:020 gerði 65°47.005N 17°20.986V




Lítið gerði er neðst (austast) í túni og um 210 m norðaustur af bæjarhólnum 001. Neðsti hluti túnanna er deiglendur og því eru fá mannvirki þar. Túngarðurinn 023 sem hefur girt túnin að neðan er orðinn mjög óskýr. Gerðið er á hæð í grasivaxinni mýrinni ásamt tóft 021.

Gerðið er ógreinilegt. Það er 10-11 m langt norður-suður. Syðst er það um 7 m á breidd en það mjókkar til norðurs þar sem það er 4 m. Ekkert op er merkjanlegt á gerðinu og það er einfalt. Gerðið er að mestu lyngivaxið en þó vex svolítið af grasi innan í því. Veggir eru talsvert hlaupnir í þúfur en ytri brún er þó fremur greinileg. Engar grjóthleðslur eru í gerðinu.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:021 tóft útihús 65°47.014N 17°20.974V






Tóftin (SÞ-250e:021). Horft til suðurs.

Skálalaga tóft er neðst (austast) í túni og um 220 m norðaustur af bæjarhólnum 001. Tóftin er á hæð um 8 m norðaustan við gerði 020. Neðsti hluti túnanna er deiglendur og því eru fá mannvirki þar. Túngarðurinn 023 sem hefur girt túnin að neðan er orðinn mjög óskýr.

Tóftin er 18-19 m á lengd (norður-suður) en um 8 m á breidd þar sem hún er breiðust, suðurendi hennar er rúmir 4 m á breidd en norðurendi um 6 m. Ytri brún veggja er víðast þokkalega skýr en innri brún og innri skipan tóftar eru ógreinilegri. Veggir hafa greinilega að stórum hluta hrunið inn í tóftina. Mögulegt er að tóftin hafi skipst upp í hólf en sú skipting er þá of óljós til að hægt sé um það að fullyrða. Inni í tóftinni er þýft næstum eins og það megi greina vegg samsíða vesturlangveggnum og sömuleiðis meðfram norðurvegg. Ekki er alveg ljóst hvar op hefur verið á tóftinni, þó er eins og það megi sjá fyrir opi á bæði austur-og vesturlangvegg norðarlega. Bæði austan og vestan við tóftina eru þúfnabelti sem mögulega geta verið leifar mannvirkja sem þá eru alveg hlaupin í þúfur. Suðvestan við tóftina er eins og megi greina garðlag í þýfinu, á um 20 m kafla. Lag rústarinnar minnir óneitanlega á byggingar frá fyrstu öldum byggðar.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:022 *akurgerði* gerði 65°47.088N 17°21.263V



Í norðvesturhorni túngarðs 023 eru s.k. akurgerði og í framhaldi af þeim liggur garðlag til norðurs alla leið að norðurhlið túngarðs. Þar sem garðlagið liggur frá "akurgerðunum" er lítil tóft í horninu og þar sem það tengist túngarði nyrst er lítið hólf. Þessar minjar eru hér skráðar saman. Í örnefnalýsingu Múla segir: "Norðan við Einarsstaðakrók eru mikil garðlög og grónar tóftir, sem munu vera hið forna býli Ingiríðarstaðir. Þar eru margar girðingar, allstór hólf, sem ekki er vitað hvað hefur verið, akrar halda sumir"

Efst í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Gerðin, tóftin og garðlagið eru lyngivaxin, líkt og umhverfið.

Túngarður markar vesturvegg "akurgerðanna". Hin eiginlegu akurgerði eru þrjú og er það syðsta um 60 m norðan við suðurhlið túngarðs 023. Reyndar skal taka fram að hugsanlegt er að gerðin hafi upphaflega verið fjögur og náð allt frá túngarðshorni þar sem þar má greina óljóst garðlag um 40-50 m austan við túngarðshorn. Garðlagið liggur í um 25 m til norðurs og gæti það vel hafa tengst suðausturhorni akurgerðanna norðar. Gerðin þrjú eru samtengd og samtals um 100 X 30 m að stærð. Hér verður hverju hólfi, tóft, garðlagi sem liggur frá gerðunum samsíða túngarði til norðurs og hólfi þar sem garðlag og túngarður koma sama öllu gefinn bókstafur til aðgreiningar. Syðsta eiginlega hólf akurgerðanna, A, er um 33 X 33 m að stærð. Norðan þess tekur miðjuhólfið, B, við. Það er ívið lengra (norður-suður) eða um 40 m en svipað á breidd. austurveggur þessa hólfs er eilítið bogadreginn. Nyrsta hólfið, C, er um 30 m á lengd en ívið breiðara en A og B eða tæplega 35 m. Bæði austur- og vesturveggur þess eru svolítið bogadregnir. Engin op eru nú greinileg á gerðunum. Fast norðan við norðausturhorn nyrsta hólfsins (C) er lítil tóft, D. Hún er 11 X 6 m að stærð og snýr hún austur-vestur. Hún er einföld og lyngivaxin. Op er á norðvesturhorni hennar. Tóftin er í hólfi sem markast af túngarði að vestan og norðan, af akurgerðunum að sunnan en af garðlagi E, sem liggur frá norðausturhorni akurgerðanna og að norðurvegg túngarðs, að austan. Garðlag þetta er í raun framhald austurveggjar akurgerðanna




Akurgerðin (SÞ-250e:022A-D). Horft til suðurs.

en það heldur áfram til norðurs þar sem akurgerðunum sleppir og liggur til norðurs og NNA í um 230 m áður en það endar í túngarði 023. Við akurgerðin eru um 30 m milli túngarðs og þessa garðlags en þar sem það endar í norðurhlið túngarðs eru um 55 m á milli. Hólf F er byggt við þetta garðlag og norðurhlið túngarðs þar sem garðlagið endar í túngarðinum. Gerðið er um 16 X 12 m stórt og snýr austur-vestur. Það er einfalt og op er á því syðst á austurvegg. Í raun má segja að túngarður myndi norðurvegg, garðlag E austurvegg þannig að aðeins hefur verið byggður einn veggur, bogadreginn, til að marka hólfið. Veggurinn er rúmlega 1 m á breidd en 0,5 m á hæð. Gerðið, líkt og önnur þau mannvirki sem hér hefur verið lýst, er lyngivaxið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Múlatorfa, 7



SÞ-250e:023 garðlag túngarður

65°47.088N 17°21.261V




Túngarður (SÞ-250e:023). Horft til norðausturs.

Túnin á Ingiríðarstöðum eru afmörkuð af fornlegum túngarði á allar hliðar þó að austurhliðin sé nú að hluta illgreinileg.

Túngarðurinn girðir af lyngivaxin og þýfð tún sem eru í aflíðandi halla til austurs. Gróðurfar er svipað innan túna og utan. Neðarlega í túnunum tekur við við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs. Aðaltúnið er um 400 X 320 m stórt og snýr norður-suður en fast neðan (austan) við það er annað þríhyrningslaga hólf byggt við túngarðsem hefur líklega verið um 160 m á hlið þótt stór hluti sé siginn og illa farinn að vestan, sunnan og norðan en hann er illgreinanlegur að austan. Efst í túninu eru mikil garðlög byggð upp við túngarðinn (022). Túngarðurinn er lyngivaxinn og víða 2-4 m á breidd. Hann er óvíða hærri en 0,5 m. Op eru bæði á austur- og vesturhlið.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:024 þúst 65°46.979N 17°21.109V






Þústin (SÞ-250e:024). Horft til norðausturs.

Neðarlega í túni Ingiríðarstaða er mikill og ræktarlegur hóll og á honum lítil tóft. Hóllinn er um 30 m sunnan við sunnan við hæð 017 en 40-50 m neðan (NNA) við tóft 015. Í lyngivöxnu og þýfðu heimatúni sem í aflíðandi halla til austurs. Neðar tekur við við sléttara, grasgefnara deiglendi innan túngarðs. Hóllinn er að mestu gróinn grasi.
Hóllinn er 43 X 25 m stór og minnir helst á ræktarlegan bæjarhól. Litlar mannvistarleifar er þó að sjá á yfirborði.

Hóllinn snýr norður-suður og á honum sést á einum stað móta fyrir lítilli tóft sem verður lýst hér á eftir en annars er ekki eiginleg mannvirki að greina á honum, aðeins dældir og hryggi. Á háhólnum má t.d. sjá um 20-22 m langa dokk sem gengur norður-suður eftir hólnum. Dokkin er 8-10 m breið um miðjuna en mjókkar til beggja enda. Fast norðan við þessa dokk er önnur lítil eða um 1 m á kant og í framhaldi af henni gengur dæld í um 3-4 m til norðurs. Ekki er fullvíst að þessar dældir séu allar leifar mannvirkja en ekki er það þó ólíklegt. Greinilegasta mannvirkið á hólnum er hins vegar lítil tóft við vesturbrún hólsins norðan við miðju. Tóftin verður seint talin með greinilegri rústum en þó fer ekki á milli mála að þarna hefur verið lítill kofi. Rústin hefur verið 5-6 m í þvermál og er hringlaga. Op kann að hafa verið á vesturhlið. Veggir eru um 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:025 þúst 65°46.862N 17°21.366V



Þúst er um 10 m neðan (austan) við garðlag 031 sem liggur eftir hlíðinni milli Einarsstaða og Ingiríðarstaða og rúmlega 20 m sunnan við suðurhlið túngarðs á Ingiríðarstöðum 023. Þústin er í lyngivöxnum móa milli suðurhliðar túngarðs og landamerkjagarðs milli Ingiríðarstaða og Einarsstaða (sjá 032).

Þústin er afar ógreinileg, sérstaklega að austan. Hún er 8,5 X 3,5-4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og ekki er greinilegt op á henni. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Tóftin er lyngivaxin og þýfð.
Hættumat: engin hætta


SÞ-250e:026 varða 65°47.005N 17°21.859V



Varðan (SÞ-250e:026). Horft til norðausturs.

Um 500 m beint ofan (VNV) við bæjarhólinn á Ingiríðarstöðum 001 er hrunin varða. Varðan er á mel sem er ber í toppinn en gróin í hliðunum. Fast umhverfis vörðuna er þó gróðurhringur. Allt í kring eru lyngivaxnir móar.
Mosavaxnar og hrundar vörðuleifar. Gjótdreifin er um 1 m á kant en aðeins 0,3-0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta


SÞ-250e:027 tóft 65°46.865N 17°20.979V



Lítil tóft er um 80 m sunnan við suðurhlið túngarðs 023 en um 40 m SSA við aðra áþekka tóft 033. Tóftin er rúmlega 300 m neðan (austan) við garð sem liggur eftir hlíðinni endilangri milli Ingiríðarstaða og Einarsstaða (sjá 031). Tóftin er á svæði sem er að stórum hluta vaxið grasi. Hún er neðarlega í hlíðinni.

Tóftin minnir, líkt og 033, helst á heystæði. Hún er einföld, lítil (4 X 3,5 m) og snýr austur-vestur. Hún er gróin grasi og lyngi. Suðvesturhorn tóftarinnar er ógreinileg. Hugsanlegt op er á austurvegg miðjum. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í tóftinni.
Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:028 tóft 65°46.844N 17°20.947V




Um 35 m suðaustan við tóft 027 er þúst eða rústahæð. Úr fjarlægð virðist sem um töluverða tóft sé að ræða en þegar nær dregur kemur í ljós ólögulegur kantur og flag innan þess. Kanturinn er fremur reglulegur en ekki er víst að hann sé manngerður. Hann er þó skráður með. Kanturinn er neðarlega í hlíðinni nærri því mitt á milli suðurhliðar túngarðs á Ingiríðarstöðum 023 og merkjagarðs á milli Ingiríðarstaða og Einarsstaða 032 (þó svolítið nær þeim síðarnefnda - um 90 m frá honum). Á lyngivöxnu, aflíðandi svæði
Kanturinn er í jaðri flags, er 30-40 X 10 m að stærð og snýr norður-suður. Kanturinn er bátslaga, þ.e. mjókkar til beggja enda.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SÞ-250e:029 tóft 65°46.875N 17°21.102V


Tvískipt, óljós tóft er 10-15 m sunnan við suðurhlið túngarðs Ingiríðarstaða 023 en um 120 m neðan (ANA) við aðra tóft 030. Lyngmói, þýfður í mjög aflíðandi halla að Kálfalæk. Tóftin er á lágri hæð og á hæðinni er hundaþúfa.

Tóftin er afar fornleg. Hún er 11 X 9,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að sjá nákvæmt lag á tóftinni en þó virðist hún helst hafa skipst upp í tvö hólf og hefur það stærra verið austar. Innri brúnir tóftarinnar eru mjög óljósar og hólfin tvö í raun bara dokkir en ytri brúnir skýrar og er allt að 1 m frá þeim og niður á jafnsléttu. Suðurhluti tóftarinnar er mjög óskýr og ekki óhugsandi að þar gæti leynst enn eitt hólf. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

Hættumat: engin hætta



SÞ-250e:030 tóft 65°46.863N 17°21.257V





Tóft (SÞ-250e:030). Horft til SSV.

Stök tóft er 15-20 m sunnan við suðurhlið túngarðs á Ingiríðarstöðum 023. Hún er mitt á milli tóftar 029 og tóftar 025. Lyngmói, þýfður í mjög aflíðandi halla að Kálfalæk. Tóftin sjálf er lyngivaxin.

Tóftin er sigin og fornleg. Hún er einföld, 10,5 X 5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir er örlítið bogadregnir. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Veggir eru mest um 0,2 m á hæð. Hvergi sjást grjóthleðslur.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:031 garðlag varnargarður 65°46.881N 17°21.378V

Mikið garðlag liggur frá suðvesturhorni túngarðs á Ingiríðarstöðum 023 og meðfram hlíðinni til suðurs alla leið að norðvesturhorni túngarðs á Einarsstöðum 250f:004. Garðurinn er í sömu hæð og vesturhlið túns á Ingiríðarstöðum og Einarsstöðum. Garðurinn er lyngivaxinn og liggur í lyngivaxinni hlíð sem er í aflíðandi halla til austurs.

Garðurinn er afar stæðilegur og þó misjafn eftir svæðum. Hann er víða 4-6 m á breidd en um 1 m á hæð. Slóðar liggja meðfram honum og á honum. Ef talið er frá túnhorni Ingiríðarstaða og að túnhorni Einarsstaða er garðurinn um 670 m langur en vel mætti bæta lengdum beggja túngarða (sem eru beint framhald garðsins) sem og garði sem liggur til norðurs frá norðvesturhorni Ingiríðarstaða 023 við þessa lengd. Merkjagarður liggur frá þessum garði um 140 m sunnan við túngarð Ingiríðarstaða 023.

Hættumat: engin hætta



Varnargarðurinn (SÞ-250e:031). Horft til norðurs.

SÞ-250e:032 garðlag landamerki 65°46.796N 17°20.881V



Landamerkjagarðurinn (SÞ-250e:032). Horft til austurs.


Frá garðlagi sem liggur eftir endilangri hlíðinni frá suðvesturhorni túngarðs Ingiríðarstaða 023 að norðvesturhorni túngarðs Einarsstaða 250f:004 liggur garður um 140 m sunnan við túngarð á Ingiríðarstöðum. Þetta garðlag liggur austur-vestur og er líklega merkjagarður milli bæjanna. Garðurinn er lyngivaxinn og liggur niður lyngivaxna hlíð sem er í aflíðandi halla til austurs.

Garðurinn er ógreinilegur síðustu 40-50 m að Kálfalæk þar sem mýrlent er en sést annars alla leið frá langgarðinum 031 og að dalsbotni. Hann er um 380 m langur. Neðri hluti garðsins er 2-3 m breiður en ofar er hann allt að 3-4 m. Garðurinn er mest um 0,5 m á hæð. Dældir eru víða greinilegar beggja vegna garðsins.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:033 tóft 65°46.896N 17°21.006V





Tóftin (SÞ-250e:033). Horft til norðurs.

Einföld tóft er um 15 austan við þar sem suðurhlið túngarðs á Ingiríðarstöðum 023 beygir til norðurs. Tóftin er um 60 m NNV við tóft 027.

Umhverfis er grasi gróinn mói og nokkuð deiglent. Sjálf er tóftin vaxin töluverðu grasi í bland við lyng.

Tóftin er um 4 X 4 m á stærð og veggir hennar eru mest 0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Hún er einföld. Mögulegt er að op hafi verið á tóftinni suðvestast en það gæti allteins verið hrun og rof. Lag tóftarinnar og staðsetning bendir helst til að hún gæti verið af heystæði.

Hættumat: engin hætta

SÞ-250e:034 gata leið 65°46.801N 17°21.211V


Götuslóðar, sem líklega hafa verið á milli Einarsstaða og Ingiríðarstaða (eða jafnvel hluti af lengri leið um dalinn) eru vel greinilegir milli bæjanna á kafla. Slóðarnir liggja í gegnum landamerkjagarðinn milli bæjanna 032 um 120 m neðan við langgarðinn sem liggur á milli bæjanna 031. Göturnar liggja um lyngivaxna móa.

Göturnar eru 2-3 samsíða slóðar í lyngmóanum.

Hættumat: engin hætta

4. Helstu niðurstöður

Þegjandadalur er grunnur eyðidalur suður af hinu fornfræga stórbýli Grenjaðarstað í Aðaldal. Hann markast af Múlaheiði að vestan en Þorgerðarfjalli að austan. Lækur rennur um dalinn endilangan, nú nefndur Kálfalækur en giskað hefur verið á að hann hafi eitt sinn heitið *Þegjandi* og dalurinn dragi þá nafn sitt af honum.



Þegjandadalur er fyrir miðju korti. Múlaheiði afmarkar dalinn til vesturs en Þorgerðarfjall til austurs

Fyrstur fræðimanna til að heimsækja Þegjandadal svo vitað sé var Brynjúlfur Jónsson sem kom í dalinn á ferð sinni um Norðurland árið 1905 og getur hans í grein í *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags* árið 1906. Þar telur hann upp 10 bæi á dalnum og þar af fjóra vestanmegin: 1. Einarsstaði, 2. Bjargakot, 3. Hólkot og 4. Vestra-Holt. Brynjúlfur segir að bæirnir hafi allir verið „lagðir niður“ til þess að staðirnir gætu notað löndin en hann getur ekki frekar um bæina, rústirnar á dalnum eða annað því tengt og ekki verður einu sinni séð með afgerandi hætti hvort Brynjólfur lagði á dalinn sjálfur eða hvort úttekt hans byggir á frásögnum heimildamanna um svæðið.[3]

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá 1960 kemur fram í „Skýrslu um Þjóðminjasafnið 1959“ (bls. 143) að Þorkell Grímsson fór það ár í: “...undirbúningsferð til rannsókna í Þegjandadal í S.-Þingeyjars.“ Greinilegt er að þá hefur staðið til að hefja rannsóknir á dalnum en af þeim varð ekki. Ekki er ljóst hvers vegna ekki varð af frekari rannsóknum á dalnum en ekki ólíklegt að björgunargröftur Þorkels á Reyðarfelli í Borgarfirði sem hófst strax næsta sumar hafi þar spilað stórt hlutverk.

Sumarið 1974 grófu Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur, og Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði tilraunaskurði á Einarsstöðum á Þegjandadal til að komast að því hvenær bærinn hefði farið í eyði. Rannsóknir Sigurðar og Jóns voru gerðar á einum degi en niðurstöður sínar

[3] Brynjúlfur Jónsson. 1906, 10-11.

gaf Sigurður út á greinarformi í afmælisriti helguðu Kristjáni Eldjárn árið 1976. Sigurður benti á að rækilegra rannsókna í dalnum væri þörf en síðan lá málið í dvala í rúma þrjá áratugi.[4]

Sumarið 2005 hófst svo loksins ítarleg fornleifaskráning á Þegjandadal og markmiðið er að ljúka henni á dalnum öllum sumarið 2006. Í vestanverðum Þegjandadal eru miklar mannvistarleifar enda hefur, ef að líkum lætur, verið búið á fimm jörðum á þessu svæði. il ummerki fimm jarða og voru, sumarið 2005, samtals skráðar tæplega 100 fornleifar á fjórum nyrstu eyðibæjunum á þessu svæði. Mikill nafnaruglingur hefur verið með bæjarheiti í Þegjandadal en hér verða bæirnir í vestanverðum dalnum nefndir (talið innanfrá): Einarsstaðir, Ingiríðarstaðir, Bjarkarstaðir, Hólkot og Skárastaðir sem eru hin elstu nöfn sem þekkt eru á dalnum en í þeirri röð sem nú tíðkast.

Engar afgerandi heimildir eru fyrir því hvenær Þegjandadalur fer í eyði. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er talið að Þegjandadalur hafi farið í eyði í plágunni miklu á 15. öld. Sigurður Þórarinsson gjóskulagafræðingur taldi ljóst að dalurinn (eða Einarsstaðir a.m.k.) hefði farið í eyði fyrir 1500, sjálfsagt reyndar alllöngu fyrr. Sigurður gat sér þess hins vegar til að eyðingu dalsins mætti rekja til skorts á beitilöndum fyrir bústofn kirkjustaðanna Múla og Grenjaðarstaðar í Aðaldal – það hafi borgað sig fyrir þá að afleggja byggðina og beita þess í stað búfénaði sínum á dalinn. Má geta þess að í Jarðabók Árna og Páls segir einmitt að ekki megi eyðibólin aftur byggja „því staðurinn má ekki haganna án vera, þar með er heyskapur enginn í þeim löndum, þar með eru túnstæðin flest öll viði vaxin og í reyti komin.“ Samkvæmt Jarðabókinni voru þá þekkt sjö eyðibýlum í dalnum. Byggðar í dalnum er getið í máldögum Múla og Grenjaðarstaðar, t.d. er Skeiðakot nefnt árið 1318 og einnig Hrísaland. Af máldaga frá 1553 má hins vegar ráða að þá hafi dalurinn verið kominn í eyði og sennilega hefur það gerst löngu fyrr.

Ástand fornleifa á vestanverðum Þegjandadal er afar gott. Nyrst á dalnum kunna tún í dalsbotni að hafa spillt minjum og er austurhlið túngarða á köflum horfin í framræslu. Að öðru leyti hefur minjum ekki verið spillt þó að á sumum bæjanna hafi verið byggð upp sel/beitarhús á leifum bæjarhúsa og útihúsa.

Fyrstu niðurstöður rannsókna á Þegjandadal leiddu í ljós umfangsmiklar búsetuminjar, sennilega frá miðöldum sem ótrúlega lítið hefur verið raskað á síðustu öldum og áratugum, þrátt fyrir að dalurinn hafi ætíð verið nýttur sem upprekstrarland af bændum í nærsveitum allt frá því hann fór í eyði. Á dalnum er m.a. að finna reisulega bæjarhóla, fjöldann allan af útihústóftum, margfalda vallargarða og margra kílómetra langt kerfi garða sem hefur markað

[4] Sigurður Þórarinsson. 1976.

landareignir og girt af beitarland frá heimalandi. Auk þessa er heillegar leifar sem að öllum líkindum eru af bænhúsi og kirkjugarði að finna á tveimur bæjum í dalnum vestanverðum og var sá ytri rannsakaður sumarið 2005. Langflestar minjarnar eru innan eða við vallargarða bæjanna. Þrátt fyrir að beitiland sé talsvert ofan garðs, sem afmarkar heimaland allra jarðanna á dalnum frá Múlaheiði, hafa hartnær engar fornleifar fundist ofan hans. Einu undantekningarnar frá þessari reglu eru vörðubrot sem eru líklega yngri en eyðibyggðin. Meginreglan um dreifingu minjastaða virðist því hafa verið, meðan byggð varði í dalnum að engin mannvirki væru byggð ofan garðs. Skýringin kann að vera sú að bæirnir hafi ekki átt land hærra en upp að langgarði (enda ná merkjagirðingar bara upp að honum) en allt land ofan hans hafi verið almenningur og því nýttur sem sameiginlegt nytja- eða beitarland. Ljóst virðist að heimatúnin á bæjunum í Þegjandadal hafa víðast verið mjög stór og virðast hafa spilað enn stærra hlutverk í búskap heldur en algengt var með svipaða dalabyggðir á síðari öldum. Því mætti e.t.v. halda því fram fornleifar í Þegjandadal bendi til þess að höfuðáhersla hafi verið lögð á nautgriparækt í dalnum þegar byggð var í blóma. Hafi dalurinn í raun farið í eyði í upphafi 15. aldar eins og oft er talið gæti það farið vel saman við kenningar um breytingar á búskap á Íslandi eftir pláguna 1404.[5] Um þetta verður lítið fullyrt að sinni en þessar spurningar og fleiri verða ræddar ítarlegar í lokaskýrslu um skráningu á Þegjandadal öllum sem áætlað er að skila í árslok 2006.

Ljóst er að dalurinn hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um búsetulandslag á miðöldum enda sjaldgæft að finna svo heillegar minjar frá þessu skeiði.

[5] Sjá t.d. Árni Daníel Júlíusson. 1996: 189.

HEIMILDASKRÁ

Adolf Friðriksson o.fl. 2005. Landnám og menningarlandslag: Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2002-2004. Fjölrit nr. FS293-02262. Reykjavík.

Árni Daniel Júlíusson. 1996. *Bønder i pestens tid: landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Doktorsritgerð. Kaupmannahöfn.

Brynjúlfur Jónsson. 1906. „Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*. bls. 3-27.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal: Svæðisskráning*. Fjölrit nr. FS129-00111.

ÍF I: *Íslendingabók. Landnámabók.* 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þingeyjarsýsla.* XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

Kristján Eldjárn. 1960. „Skýrsla um Þjóðminjasafn 1959“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*. bls. 139-144.

Sigurður Þórarinsson. 1976. „Þáttur af Þegjandadal. Í *Minjar og menntir*. Guðni Kolbeinsson ritstj. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

SS: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. 1994. Gott mál, Reykjavík.

Örnefnaskrá Þegjandadals. Margeir Jónsson skráði eftir Friðriki Jónssyni bónda á Helgastöðum

í Reykjadal. 6. júlí 1936. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Múlatorfu. Ari Gíslason skráði eftir Kristjáni Jónatansyni í Norðurhlíð en dr. Björn Sigfússon bókavörður jók við. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn:
Guðmundur Hallgrímsson í Grímshúsum, fæddur 26. 09. 1938
Jón Ólafsson, bóndi á Kraunastöðum, fæddur 13.11.1926

Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Númer	X-hnit	Y-hnit
250b001	575359.83	590788.03
250b002	575329.65	590854.1
250b003	575400.06	590844.63
250b004	575413.48	590743.25
250b005a	575435.96	590819.98
250b005b	575350.76	590786.45
250b005_01	575422.94	590890.19
250b005_02	575353.32	590884.08
250b005_03	575326.89	590861.79
250b005_04	575329.26	590856.66
250b005_05	575330.84	590817.61
250b005_06	575358.05	590756.86
250b005_07	575371.07	590738.52
250b005_08	575379.75	590721.56
250b005_09	575421.96	590706.96
250b005_10	575451.74	590719.19
250b005_11	575468.9	590753.71
250b005_12	575468.11	590775.21
250b005_13	575435.17	590838.32
250b006	575357.66	590872.25
250b007	575364.96	590746.8
250b008	575400.85	590761.6
250b009	575453.32	590735.96
250b010	575379.95	590316.44
250b011a	575199.28	591482.1
250b011b	575201.25	591494.72
250b012a	575626.69	590921.16
250b012b	575628.27	590913.47
250b012c	575602.63	590902.62
250b012d	575607.56	590898.08
250b012e	575606.18	590894.34
250b012f	575610.51	590892.56
250b012g	575623.93	590917.41
250b013	575490.79	591390.97
250b014	575425.11	591248.57
250b015	574816.64	591166.91
250b016a	575650.55	591097.69
250b016b	575536.16	591062.97
250b016c	575445.03	591036.74
250b017a	575541.48	591048.77
250b017b	575580.93	591061.2
250b017c	575641.88	591080.13
250b017d	575353.52	590980.53
250b018a	575646.21	590978.56
250b018b	575638.52	590977.17
250b018c	575629.84	590970.86
250b019	575703.02	591041.67
250b020a	574461.42	591218.79
250b020b	574440.32	591176.97
250b020c	574381.74	591062.97
250b020d	574394.36	590998.67
250b021a	575543.06	591047.19
250b021b	575645.03	591078.95
250b021c	575657.65	591021.95
250b021d	575645.23	591001.24
250b021e	575621.95	590985.66
250b022	574855.3	590950.15
250b023	575463.38	591663.16
250b024	575574.22	591191.57
250b025	575476.59	590464.95
250b026A	574902.44	590301.64
250b026B	574899.88	590319.59
250b026C	574887.65	590474.22
250b026D	574864.57	590636.75
250b026E	574850.37	590763.37
250b026F	574828.48	590890.79
250b026G	574792.19	591018
250b026H	574749.78	591109.52
250b026I	574658.07	591197.09
250b026J	574554.32	591215.24
250b026K	574462.21	591222.34
250b026L	574448.8	591219.18
250b026M	574363	591189.4
250b026N	574298.51	591175.79
250b027A	575080.74	591822.92
250b027B	575101.06	591819.37
250b027C	575113.09	591818.58
250b027D	575178.18	591834.56
250b028	575603.22	590820.77
250c001	575430.44	589849.78
250c002	575388.23	589904.41
250c003	575475.01	589909.54
250c004	575446.61	589938.73
250c004_01	575524.72	589849.19
250c004_02	575494.34	589825.72
250c004_03	575476.79	589814.47
250c004_04	575437.34	589817.04
250c004_05	575414.66	589822.56
250c004_06	575413.08	589824.14
250c004_07	575422.75	589896.92
250c004_08	575419.59	589894.94
250c004_09	575435.96	589916.44
250c004_10	575449.57	589956.88
250c004_11	575501.05	589955.1
250c004_12	575499.47	589959.24
250c004_13	575453.32	589963.39

Número	X-hnit	Y-hnit
250c005	575425.71	589780.75
250c006a	575430.64	589934.59
250c006b	575431.62	589780.35
250c007a	575384.29	590226.1
250c007b	575382.71	590197.9
250c008a	575505.78	590313.08
250c008b	575462.19	590307.76
250c008c	575439.31	590304.8
250c008d	575332.02	590291.78
250c008e	575343.46	590291.58
250c008f	575378.57	590297.11
250c008g	575294.74	590285.47
250c008h	575190.21	590277.38
250c008i	575102.44	590272.65
250c008j	575058.85	590276.4
250c008k	575027.88	590274.23
250c008l	574978.97	590281.33
250c008m	574952.54	590286.65
250c009a	575248.79	589392.78
250c009b	575246.22	589426.51
250c010	575223.34	589396.93
250c011a	575119.4	589513.69
250c011b	575090.6	589557.28
250c011c	575069.5	589629.86
250c011d	575046.62	589751.16
250c011e	575021.37	589913.29
250c011f	575016.25	590023.94
250c011g	575019.01	590170.09
250c012	574966.34	590284.09
250c013_01	575519.19	589788.64
250c013_02	575511.9	589732.82
250c013_03	575464.56	589718.42
250c013_04	575414.07	589747.61
250c013_06	575406.18	589754.71
250c013_07	575385.47	589847.41
250c013_08	575397.9	589769.9
250c013_09	575381.13	589893.96
250c013_10	575380.34	589913.09
250c013_11	575409.14	589943.07
250c013_12	575424.72	589956.09
250c013_13	575434.19	589968.32
250c013_14	575475.41	589988.04
250c013_15	575512.88	589964.96
250d001	575424.52	588797.73
250d002	575438.72	588824.35
250d003	575398.09	588834.02
250d003_01	575622.55	588769.32
250d003_02	575623.14	588758.67
250d003_03	575608.74	588757.09
250d003_04	575588.23	588750.59
250d003_05	575581.32	588747.43
250d003_06	575557.46	588738.36
250d003_07	575519.98	588725.54

Número	X-hnit	Y-hnit
250d003_08	575495.72	588715.08
250d003_09	575470.67	588704.43
250d003_10	575457.66	588701.08
250d003_11	575435.96	588702.26
250d003_12	575419.99	588722.78
250d003_13	575405.39	588790.62
250d003_14	575398.88	588823.37
250d003_15	575418.8	588875.44
250d003_16	575434.58	588902.06
250d003_17	575425.71	588936.58
250d003_18	575439.12	588938.16
250d003_20	575447.99	588937.17
250d003_21	575454.9	588937.76
250d003_22	575496.32	588935.99
250d003_23	575518.21	588934.21
250d003_24	575543.85	588924.15
250d003_25	575571.66	588900.88
250d003_26	575579.75	588870.51
250d003_27	575591.38	588824.15
250d003_28	575591.58	588797.92
250d004	575446.02	588727.51
250d005	575478.37	588820.6
250d006	575486.06	588828.1
250d007	575494.54	588805.42
250d008	575468.51	588791.61
250d009	575427.28	588736.78
250d010a	575453.71	588789.64
250d010b	575457.46	588823.56
250d011a	575454.5	589215.47
250d011b	575472.65	589226.12
250d011c	575501.44	589228.68
250d011e	575504.8	589212.12
250d011f	575466.93	589139.93
250d011g	575427.28	589134.01
250d011h	575417.22	589135
250d012	575426.1	589376.41
250d013a	575387.05	589409.94
250d013b	575331.23	589408.56
250d013c	575271.07	589404.62
250d013d	575249.77	589404.03
250d014a	575373.24	589310.34
250d014b	575378.96	589270.3
250d014c	575409.73	589135.98
250d014e	575413.08	589121.78
250d014f	575417.22	589087.07
250d014g	575413.48	589001.47
250d014h	575410.32	588954.13
250d014i	575407.36	588885.69
250d014ii	575385.47	588816.46
250d014k	575373.04	588762.22
250d014l	575384.68	588724.95
250d014m	575382.51	588669.13
250d014n	575344.25	588581.95

Número	X-hnit	Y-hnit
250d014o	575320.38	588478.99
250d015a	575281.13	588492.8
250d015b	575314.46	588550.79
250d015c	575343.66	588633.23
250d015d	575362.79	588702.26
250d016	575438.13	588858.47
250e001	575377.58	588222
250e002	575366.93	588258.29
250e003	575383.5	588223.18
250e004	575384.88	588214.3
250e005	575389.81	588222.78
250e006	575377.19	588214.5
250e007	575320.18	588255.33
250e008	575325.51	588293.59
250e009	575354.11	588366.77
250e010	575363.38	588349.8
250e011	575357.66	588424.95
250e012	575367.13	588405.42
250e013	575476	588458.09
250e014	575472.06	588414.1
250e015	575399.87	588251.98
250e016	575458.84	588249.81
250e017	575454.3	588334.81
250e018a	575462.39	588351.58
250e018b	575417.03	588124.96
250e019	575336.56	588153.95
250e020	575555.29	588330.87
250e021	575563.77	588348.42
250e022b	575339.71	588478.99
250e022_01	575346.02	588475.64
250e022_02	575340.89	588389.25
250e022_03	575297.31	588281.56
250e022_04	575296.52	588254.74
250e022_05	575293.75	588252.76
250e022_06	575292.97	588225.74
250e022_07	575292.57	588183.93
250e022_08	575294.35	588155.13
250e022_09	575274.62	588207.4
250e022_10	575287.25	588255.53
250e023_01	575341.68	588479.58
250e023_02	575287.84	588479.98
250e023_03	575718.99	588478.8
250e023_04	575598.29	588448.03
250e023_05	575596.91	588527.51
250e023_06	575660.42	588287.48
250e023_07	575682.51	588492.8
250e023_08	575607.16	588518.83
250e023_09	575262.39	588093.4
250e023_10	575267.72	588090.44
250e023_11	575338.53	588083.93
250e023_12	575413.67	588081.17
250e023_13	575446.42	588096.36
250e023_14	575519.19	588134.82

Número	X-hnit	Y-hnit
250e023_15	575545.03	588148.62
250e023_16	575262.59	588098.13
250e023_17	575420.58	588085.51
250e023_18	575265.55	588150.4
250e023_19	575264.56	588183.14
250e023_20	575264.96	588224.56
250e023_21	575268.51	588249.61
250e023_22	575279.55	588336.19
250e023_23	575281.72	588475.64
250e023_24	575518.41	588514.69
250e023_25	575762.19	588464.2
250e026	575462.98	588280.57
250e027	575272.26	588057.11
250e028	574889.62	588314.1
250e029	575567.71	588070.91
250e030	575592.57	588033.24
250e031a	575262.39	588093.6
250e031b	575269.89	588004.45
250e031c	575271.86	587917.46
250e031d	575269.5	587862.24
250e031e	575254.9	587727.72
250e031f	575241.68	587615.1
250e031g	575225.51	587465.4
250e032a	575645.82	587944.88
250e032b	575603.22	587944.29
250e032c	575520.58	587946.26
250e032d	575270.09	587947.64
250e033	575545.62	588127.72
250e034	575393.36	587947.25

Kort 1: Yfirlitskort
Þegjandadalur vestanverður - að Einarsstöðum

N

Kort 2


Kort 3

Kort 4


Kort 5


0 500 1.000
metrar

Minjastaðir
Garðlög
Áætluð garðlög
Kálfalækur
Kort


Kort 2: Skárastaðir
N
250b027
250b023
250b011a-b
250b013
250b014
250b024
250b015
250b016
250b020
250b021
250b019
250b021
250b017
250b018a-d
250b022
250b012a-g
250b006
250b002
250b003
250b028
250b001
250b026
250b008
250b004
250b009
250b025
250b010
0
350
700
metrar


Kort 3: Hólkot
N
250c008
250c007a
250c007b
250c011
250c006
250c002
250c003
250c001
250c005
250c013
250c009b
250c010
250c009a
0
150
300
metrar


Kort 4: Bjarkarstaðir
N
250d013
250d012
250d011
250d011
250d014
250d003
250d016
250d010b
250d002
250d006
250d005
250d007
250d001
250d008
250d010a
250d009
250d004
250d015
250d014
0
150
300
metrar


Kort 5: Ingiríðarstaðir
N
250e013
250e011
250e014
250e012
250e009
250e010
250e018a
250e021
250e017
250e020
250e026
250e008
250e024
250e007
250e002
250e015
250e016
250e001-005
250e022
250e019
250e018b
250e033
250e029
250e023
250e027
250e025
250e030
250e028
250e034
0
100
200
metrar